

Ársskýrsla Hofsstaðaskóla



2006 -2007

Efnisyfirlit

1. FORMÁLI	4
2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	5
Stjórnendur.....	5
Starfsfólk	5
Nemendur	6
Húsnæði.....	6
Skóladagatal.....	7
3. SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA	8
Foreldraráð	8
Stjórn foreldrafélags Hofsstaðaskóla.....	9
4. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI	10
Símenntun stjórnenda/kennara/starfsmanna	10
Mat á skólastarfi.....	10
Þróunarstarf	10
Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku.....	10
Samræmd próf	10
Læsi og raddlestur í 1.-3. bekk	10
Gegn einelti	10
Vordagar: útivist og vettvangsferðir	10
Þemadagar.....	10
5. ÝMSAR SKÝRSLUR	10
Skýrsla deildarstjóra.....	10
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk	10
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk	10
Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk	10

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk	10
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk	10
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.	10
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk	10
Skýrsla fagstjóra í erlendum tungumálum.....	10
Skýrsla kennara í list- og verkgreinum	10
Heimilisfræði	10
Myndmennt.....	10
Textílmennnt.....	10
Smíði og nýsköpun	10
Tónmennt.....	10
Samsöngur	10
Kórastarf	10
Íþróttir	10
Sund	10
Stuttmyndagerð	10
Skýrsla sérkennara	10
SÉRKENNSLA OG ANNAR STUÐNINGUR Á SKÓLAÁRINU.....	10
ÁRANGUR NEMENDA Í 2.–7. BEKK Í STAFSETNINGU STAKRA ORÐA.....	10
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....	10
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni	10
Skýrsla kerfisstjóra Hofsstaðaskóla.....	10
6. TÓMSTUNDAHEIMILI	10

1. FORMÁLI

Markmiðið með útgáfu ársskýrslu grunnskólanna er að gera grein fyrir helstu atriðum í skólastarfinu skólaárið 2006-2007. Leitast er við að gefa yfirlit yfir það fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf í skólanum koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel, auk ábendinga um sitthvað sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjórar o.fl. auk aðstoðarskólastjóra sem ritstýrir einnig verkinu.

Skýrslan skiptist í fimm kafla auk formála; Hagnýtar upplýsingar, samstarf heimila og skóla, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu Tómsundaheimilis. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins og gefa þær vonandi innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur fást við.

Skýrslunni er dreift til foreldraráðs, stjórnar foreldrafélagsins, skólanefndar Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs, deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Hofsstaðaskóla er að finna á heimasíðu skólans: <http://www.hofsstadaskoli.is>

Hofsstaðaskóla í ágúst 2007

Margrét Harðardóttir skólastjóri



Vettvangsferð 6. bekkjar að Vífilisstaðavatni

2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Stjórnendur

Skólastjóri: Margrét Harðardóttir tók við starfi skólastjóra 1. janúar af Hilmar Ingólfssyni sem lét af störfum.

Aðstoðarskólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir tók við starfi aðstoðarskólastjóra 16. mars en Sigurlín Sveinbjarnardóttir hætti störfum 1. janúar.

Deildarstjóri yngri deilda (1.-4. bekk): Hafdís Bára Kristmundsdóttir.

Deildarstjóri eldri deilda (5.-7. bekk): Krístrún Sigurðardóttir

Starfsfólk

Við skólann störfuðu, auk skólastjórna, 41 kennari, þá má nefna kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni og tölvuumsjónarmann, bæði í 100% starfi. Námsráðgjafi tók til starfa sl. haust og er í 100% starfi. Talmeinafræðingur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur starfa við skólann í hlutastörfum. Skólaprestur var við í skólanum einn dag í viku. Aðrir starfsmenn voru 23, nokkrir í hlutastöðu. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á heimasíðunni <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Á vorönn fóru tveir kennarar í fæðingarorlof; þær Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir og Unnur Þorgeirsdóttir. Í þeirra stað komu Anna Día Erlingsdóttir sundkennari, Hilmar Sverrisson tónlistarkennari og Jelena Jovanovic íþróttakennari.

Árný Björk Birgisdóttir, Birna Hilmarsdóttir, Krístrún Þórðardóttir og Margrét Waage voru í launalausum leyfi þetta skólaár og hafa allar sagt stöðu sinni lausri.

Jytte Hjartarson og Sólborg Pétursdóttir voru í tímabundnu veikindaleyfi á haustönn og Hreinn Októ Karlsson og Ásta Kristjánsdóttir á vorönn.

Eftirtaldir kennarar létu af störfum í lok skólaárs að eigin ósk: Hildur Jóhannesdóttir, Helga Óskarsdóttir og María Ásmundsdóttir Shanko. Ennfremur: Jörunn Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, Ludy Ólafsdóttir ritari, Arnar Már Þórisson, Elsa Birna Sveinbjörnsdóttir og Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir skólalíðar.



Glaðir starfsmenn á íþróttadegi

Nemendur

Á skólaárinu voru 386 nemendur í Hofsstaðaskóla og þar af voru 53 í 1. bekk sem er fjölgun frá því árin á undan. Útlit er fyrir að nemendum fari fjölgandi á næstu árum og því afar brýnt að huga strax að stækkun skólans til þess að hægt verði að taka á móti nemendum sem flytjast í nærliggjandi hverfi s.s. Akrahverfi.

Skipting í bekk skólaárið 2006-2007 var þannig að í 2. og 3. bekk voru tvær bekkjardeildir en þrjár bekkjardeildir í 1. og 4.-7. bekk. Fjöldi nemenda í bekk var frá 16 til 24.

Húsnæði

Auk skólabyggingarinnar er kennt í 5 „Hofum“ eða lausum kennslustofum. Hofin eru bekkjarstofur 4. bekinga einnig fer fram kennsla í náttúrufræði, ritþjálfá auk tónlistarkennsla á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar þar.

Öll rými sem mögulegt er að nýta í vinnu með nemendum eru nú í notkun enda kalla breyttir kennsluhættir á aukið og fjölbreyttara húsnæði. Ein stofa var ekki umsjónarstofa og því hægt að nýta hana sem aukastofu fyrir færnimiðað nám o.fl. Gangar eru mikið notaðir til kennslu t.d. í hópastarfi og þemavinnu. Tölvustofan var endurnýjuð og er nú glæsilega búin nýjustu tækni. Hún er í stöðugri notkun svo og minni aðstaða til tölvukennslu á lofti yfir bókasafninu. Nauðsynlegt er að huga að uppbyggingu upplýsingavers sem inniheldur bæði skólasafn og tölvuaðstöðu fyrir minni og stærri hópa í fjölbreyttri verkefnavinnu. Ráðinn hefur verið bókasafns- og upplýsingafræðingur sem tekur til starfa við skólasafnið haustið 2007.

Í skólanum eru nú 19 bekkjardeildir en hann rúmar mest 20. Þá er ekki gert ráð fyrir viðbótarhúsnæði vegna fjölbreyttari kennsluhátta svo og mismunandi þörfum nemenda. Á skólaárinu hefur nemendum með sértækar greiningar s.s. einhverfu fjölgað og fjölgar þeim enn meira næsta ár.

Aðstaða kennara er þröng ef frá eru taldar kennslustofur. Til stendur að endurbæta vinnuherbergi kennara, en þörf er á að fá rými til stærri funda og samstarfs fjölmargra hópa sem myndaðir eru bæði vegna verkefna og nemenda. Því er brýnt að huga nú þegar að byggingu nýrrar álmu við Hofsstaðaskóla sem mætir þörfum skólastarfs í stöðugri þróun. Endurbætur á sal skólans eru hafnar og verða þær til mikilla bóta.

Leiktækjum var bætt við á skólalóðina og var þeim afar vel tekið. Nú er unnið að því að finna lausn á staðsetningu Battavallar í samvinnu við foreldra.



Fjallapema í 2. bekk

Skipting námsgreina

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennslustunda í hverri námsgrein og heildar stundafjölda hvers árgangs. Auk þess var nemendum í 1. – 6. bekk boðið upp á næðisstund að morgni í 15 mínútur. Þá er kennari mættur í bekkjarstofu og á stund með nemendum. Foreldrar geta komið og hitt kennara.

Skipting námsgreina skólaárið 2006-7

Námsgrein / árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska	6	7	6	6,5	5	5	6
Stærðfræði	6	5	5,25	5	5	5	5
Samfélagsfræði / kristinfræði	3	3	3	3	4	4	3
Náttúrufræði	2	2	1	2	3	3	3
Enska					3	3	3
Danska							3
Lífsleikni/salur	2	2	2	2	2	2	2
Ritþjálfari				1	1	1	
Hringekja ****	2		2,75	1,5			2
Bókasafn	1	1	1				
Tölvur	1	1	1	1	1	1	1
List og verkgreinar***	2	4	4	4	4	4	4
List og verkgreinar / val **						1	1
Nýsköpun*****					2		
Tónmennt	2	2	2	2			
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2
Sund*****	1	1					
Nesti	5	5	5	5	5	5	
Samtals	35	35	35	35	37	36	35

Umsjón

1

**Nemendur eru hálfan veturinn í vali, tvær kennslustundir í senn. 6. bekkur fyrir áramót en 7. bekkur eftir áramót.

*** Sund er kennt á námskeiði í list og veggreina skipulaginu hjá 4., 5., 6. og 7. bekk

**** Sund er kennt á námskeiði í hringekjuskipulagi hjá 3. bekk

***** Sund er kennt á námskeiði eftir skóla, 2x1 kennslustund á viku.

***** Nýsköpun er kennd á námskeiðum og er árganginum skipt í 5 hópa

Skóladagatal

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2006-2007. Það er unnið í samráði við foreldraráð skólans og skólaskrifstofu. Skal hér stiklað á stóru en nánar má sjá skóladagatalið á heimasíðu skólans: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Skólasetning var 22. ágúst 2006. Jólaskemmtanir voru 20. desember, bæði fyrir eldri og yngri deildir, og jólafrí frá 21. desember til 4. janúar 2007. Vetrarfrí var frá 12.-16. febrúar. Páskafri frá 1.-9. apríl og skólaslit voru 7. júní 2007.

Á öskudaginn, sem var skertur skóladagur, var sérstök skemmtidagskrá og dansleikur fyrir nemendur. Bæði nemendur og starfsfólk mættu í skólann í öskudagsbúningum og heppnaðist dagurinn mjög vel. Til að auka fjölbreytni skólastarfsins er hefðbundið skólastarf reglulega brotið upp með vettvangsferðum, þemaverkefnum og fjölbreytni í verkefnavali sem eykur ánægju bæði nemenda og starfsmanna.

3. SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra gegnum tölvupóst. Mentor er í stöðugri þróun og verður sífellt þægilegri og auðveldari í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Heimasíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum. Elísabet var í vor tilnefnd til foreldraverðlauna Heimils og skóla fyrir heimasíðu skólans og á hún þá tilnefningu margfaldlega skilið fyrir frábært starf við upplýsingarmiðlun. Í rökstuðningi foreldrafélagsins segir m.a:

„Heimasíða Hofsstáðaskóla er einstaklega aðgengileg og lifandi síða þar sem hægt er að finna allar upplýsingar um skólastarfið frá A til Ö sem auðveldar foreldrum að kynna sér það sem er í gangi hverju sinni. Fréttir og myndir frá atburðum í skólastarfinu eru nánast jafnóðum aðgengilegar á heimasíðunni og geta foreldrar þannig að vissu marki tekið þátt í skólastarfinu. Umsjónarmaður heimasíðunnar er Elísabet Benónýsdóttir og er hún mjög dugleg við að taka myndir af skólastarfinu og ýmsum upþákomum í tengslum við skólastarfið sem gefur foreldrum ómetanlega innsýn í starfið. Þá sendir Elísabet einnig tölvupóst við og við til að minna foreldra á heimasíðuna. Hún aðstoðar kennara og foreldra við að koma myndum inn á bekkjasíður vegna bekkjaskemmtana og vettvangsferða eða annarra atburða í bekknum. Eins eru mjög aðgengilegar upplýsingar um foreldraráð og foreldrafélag á heimasíðunni. Þessi lifandi heimasíða er eflaust einn hlekkur í því að foreldrum finnst þeir vera þátttakendur í skólastarfinu þar sem þeim er velkomið að setja sig inn í skólastarfið og óskað er eftir þátttöku þeirra og nærveru í öllu starfi skólans“ (af heimasíðu Hofsstáðaskóla).

Foreldraráð

Foreldraráð starfar samkvæmt 16. gr. Laga um grunnskóla 66/1995.

Foreldraráð Hofsstáðaskóla fundar einu sinni í mánuði. Foreldrar geta komið athugasemdum og skilaboðum til nefndarmanna en hafa ber í huga að samkvæmt starfsreglum skal foreldraráð leitast við að taka mið af heildarhagsmunum nemenda. Foreldraráð veturinn 2006-2007 var þannig skipað:

Svava Garðarsdóttir, formaður

Vera Guðmundsdóttir, varaformaður

Margrét Gunnlaugsdóttir, ritari

Perla Kolka Leifsdóttir, 1. varamaður

Klara Hrönn Sigurðardóttir, 2. varamaður

Steinunn Bergmann, 3. varamaður

Afar gott samstarf hefur verið við foreldraráðið, bæði formlegt og óformlegt. Hefur það komið að mörgum málum eða nánast öllu því sem er efst á baugi hverju sinni. Á þessu skólaári komu foreldrar m.a. að matarmálum, staðsetningu Battavallar, skóladagatali, og breytingum á skólanámsskrá. Eftirlitshlutverkinu er sinnt af kostgæfni og vakað yfir velferð barnanna. Nánari upplýsingar um störf foreldraráðs er að finna í vandaðri ársskýrslu þess á heimasíðu skólans.

Foreldraráð Hofsstáðaskóla vinnur náið með foreldrafélagi skólans. Einnig er töluvert samstarf við foreldraráð annarra grunnskóla í Garðabæ um málefni sem snerta alla grunnskólana. Foreldraráð grunnskóla Garðabæjar skiptast á að tilnefna fulltrúa foreldra í skólanefnd.

Stjórn foreldrafélags Hofsstaðaskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 segir í 15. grein: „Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum...”

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólustarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liður í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugu bekkjarstarfi. Þeir koma að félagslífi í samstarfi við kennarana, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði s.s. jólaskemmtun, þorrablót og árshátíð 7. bekkja. Foreldrar eru vakandi yfir framboði og gæðum matarins sem börnunum stendur til boða í skólanum, stóðu fyrir bekkjarmyndatökum.

Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það getur stuðlað að aukinni vellíðan nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu þeirra sem tengd er heimasíðu Hofsstaðaskóla.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára. Stjórnin fundar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Stjórnina skipuðu skólaárið 2006-2007 eftirfarandi:

Kristbjörg Ágústsdóttir, formaður
Svava Garðarsdóttir, varaformaður og fulltrúi í foreldraráði
Brynja Laxdal
Guðrún Gerður Steindórsdóttir
Guðrún Rósa Sigurðardóttir
Stella Stefánsdóttir



Laufabrauðsgerð foreldrafélagsins

4. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Símenntun stjórnenda/kennara/starfsmanna

Ný símenntunaráætlun fyrir skólann var unnin á vorönn og markast hún af því að skólinn fékk styrk úr endurmenntunarsjóði grunnskóla til eflingar fjölbreyttra kennsluhátta í átt til einstaklingsmiðaðs náms. Gerður hefur verið samningur við SRR (Símenntun, rannsókn og ráðgjöf) um námskeiðshald og ráðgjöf. Námskeiðin hefjast í ágúst 2007. Kennarar fara margvíslegar leiðir í persónulegri endurmenntun og gera nú grein fyrir henni á sérstöku eyðublaði sem farið er yfir í starfsmannaviðtölum í janúar. Á skólaárinu var m.a. eftirfarandi sí- og endurmenntun á dagskrá:

- Nokkrir kennarar sóttu ráðstefnu um námsmat sem haldin var í FG í ágúst.
- Kennarar í ensku við Hofsstáðaskóla og Flataskóla sóttu námskeið sem haldið var í Hofsstáðaskóla í ágúst.
- Öllum starfsmönnum stóð til boða að sækja fyrirlestur um rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar á aga í grunnskólum í Reykjavík. Fyrirlesturinn var vel sóttur og niðurstöður rannsóknarinnar athyglisverðar.
- Margir kennarar fóru á mjög gagnleg námskeið um ofvirk börn í grunnskólanum. Þeir héldu saman gögnum og kynntu á kennarafundi helstu áherslur og niðurstöður af námskeiðinu.
- Þrír kennarar, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni ásamt kerfisstjóra fóru á kennslutækja og tölvusýningu í London í janúar.
- Allir kennarar og starfsmenn skólans og tómstundaheimilisins sátu fræðslufund á vegum *Blátt áfram* um ofbeldi á börnum og unglingum og var starfsfólki skólaskrifstofu, kirkjunnar, íþróttahúsa, leik- og grunnskóla í bænum boðið á fundinn sem var mjög fróðlegur.
- Svanhildur K. Sverrisdóttir, kennsluráðgjafi, hélt nokkra fræðslufundi með kennurum m.a. um stafsetningarkennslu.
- Starfsmenn skólans hlýddu á fyrirlestur Hugos Þórissonar sálfræðings um samskipti sem Flataskóli bauð til.
- Stjórnendur sóttu námskeið og ráðstefnur m.a. um námsmat, fjölbreytt skólastarf og fjölmenningu.
- Sérkennari sótti námskeið um blindrakennslu og í framhaldi af því var haldinn fræðslufundur um umferli og kennslu blindra með stjórnendum, stuðnings- og meðferðarfulltrúum ásamt sérkennurum og húsverði.

Mat á skólastarfi

Á vorönn var farið yfir sjálfsmatsáætlun skólans og gerð gróf áætlun til næstu ára. Starfsmannakönnun frá því í maí 2006 var yfirfarin og ákveðið að spyrja nánar út í nokkur atriði í starfsmannaviðtölum. Fyrirhugað var að gera könnun meðal foreldra en frá því var horfið þar sem skólaskrifstofa og samtök foreldra voru þegar komin af stað með kannanir. Áfram var leitað að hentugu tæki til skoðanakannana og í framhaldi af því var ráðist í að kaupa aðgang að *Survey Console* sem virðist geta hentað ágætlega. Umsjónarmaður tölvumála í Garðabæ heldur nú utan um allar viðhorfakannanir sem gerðar eru með þessu nýja tæki.

Gerð var úttekt á náttúrufræðikennslu í skólanum en að henni stóð *Vilji og veruleiki*, hópur á vegum SRR (Símenntun rannsókn og ráðgjöf) sem hefur tekið að sér kennsluráðgjöf í náttúrufræði í grunnskólum Garðabæjar.

Vinna við sjálfsmatsáætlunina lá að mestu niðri á vorönn vegna breytinga á stjórnun skólans. Í símenntunarnefnd voru Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir og Sigurlín Sveinbjarnardóttir. Á vordögum voru kynntar niðurstöður úr könnun Vilhjálms Kára Haraldssonar á mannauðsstjórnun í

grunnskólum Garðabæjar og er þar að finna margvísleg atriði sem áhugavert væri að taka upp og vinna nánar með.

Nemendakannanir

Ýmislegt fleira er gert til að kanna stöðu skólans s.s. skoðaðar eru rækilega niðurstöður prófa m.a. samræmdra prófa, samanber umfjöllun síðar í þessari skýrslu. Einnig hafa verið gerðar viðhorfakannanir sem deildarstjórar og/eða umsjónarkennarar gera reglulega til að kanna samskipti í bekk, hópaskiptingu og færnimiðað nám. Niðurstöðurnar eru nýttar til þess að endurskoða ríkjandi skipulag og bæta úr. Sjá nánar síðar í skýrslunni.

Starfshópurinn Gegn einelti í Garðabæ hefur hafið undirbúning á áframhaldi á könnun um einelti meðal grunnskólabarna í Garðabæ en gerðar hafa verið tvær kannanir á undanförunum árum. Nemendur skólans voru þátttakendur í könnunum sem Rannsókn og greining gerir árlega um viðhorf og líðan grunnskólabarna.

Þróunarstarf

Vinna við stefnumótun

Í tilefni af endurskoðaðri skólustefnu Garðabæjar var skólunum gert að gera framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár. Í Hofsstáðaskóla fór þessi vinna þannig fram að unnið var í hópum á kennarafundum með helstu markmið skólustefnu Garðabæjar og niðurstöður hópavinnunnar síðan dregnar saman í stefnu-/framkvæmdaáætlun sem unnið verður áfram með.

Þróunarverkefni

Sótt var um styrki í þróunarsjóð grunnskóla og fengust veglegir styrkir til eftirfarandi verkefna: *Heildarskipulag kennsluhátta og samfella milli skólastiga* sem verður einkum unnið í 1. og 2. bekk undir stjórn skólastjóra, Rögnu Jóhannsdóttur leik- og grunnskólakennara og Gunnhildar Grétarsdóttur grunnskólakennara. Samstarfaðili í verkefninu er leikskólinn Hæðarból sem er að fara af stað með þróunarverkefni í kennslu 5 ára barna. Einnig fékkst styrkur til verkefnisins *Enskukennsla í anda fjölgreindarkenningar Gardners* og hefst enskukennsla í 1.–4. bekk næsta haust undir stjórn Bjargar Jónsdóttur sem hefur sér til fulltingis og ráðgjafar kennara við KHÍ og Alþjóðaskólann.

Kennsluráðgjöf í náttúrufræði er verkefni sem skólaskrifstofan hefur staðið fyrir að undanförunu. Nú hefur hópur á vegum SRR tekið kennsluráðgjöfina að sér og byrjaði á því að gera úttekt á náttúrufræðikennslu í grunnskólum Garðabæjar. Haustið 2007 hefst formlega ráðgjöf og fræðsla á þeirra vegum og verður hún ýmist fyrir alla kennara eða einungis þá sem kenna eðlisvísindi og eða vilja auka þekkingu sína í greininni.

Gerð hefur verið aðgerðaáætlun um aukna hreyfingu, útivist og bætt matarræði grunnskólabarna undir heitinu *Allt hefur áhrif, einkum við sjálf*. Áætlunin tekur til þátta sem ýmist eru nú þegar í gangi eða áformað er að bæta úr og auka s.s reglulegri hreyfingu og útiveru nemenda auk markvissrar útikennslu.

Mikill missir er af kennsluráðgjafa í íslensku sem hefur unnið gott og gagnlegt starf á undanförunum árum. Hún hefur verið kennurum innan handar með margvísleg verkefni, ráðgjöf og fræðslu. Verkefna og fræðsluvefurinn *Málbjörg* hefur einnig komið að góðum notum fyrir kennara, foreldra og nemendur og er það miður að honum sé nú lokað.

Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku


Nemendum í 5., 6. og 7. bekk var skipt í hópa eftir færni í stærðfræði skólaárið 2006-7. Í 5. og 7. bekk voru fjórir hópar, blár, rauður, gulur og grænn hópur en í 6. bekk var auk þess hvítur hópur sem raðaðist á milli bláa og rauða. Nemendum í 7. bekk var skipt í þrjá hópa í ensku eftir færni, blár, rauður og gulur hópur og sama á við um 5. bekk en þeim var skipt í hópa eftir að námsmat lá fyrir í janúar þar sem færni nemenda var mjög misjöfn og erfitt að mæta hverjum og einum. 6. bekkjum var skipt í 4 hópa þ.e. blár, rauður, gulur og grænn.

Að mati kennara gafst færnimiðað nám vel og auðveldara þykir að sinna nemendum miðað við getu. Nemendur fá betri þjónustu en ella og sjálfstraust þeirra eykst.

Til að kanna viðhorf nemenda til hópaskiptingar tóku nemendur í 5.–7. bekkjum þátt í könnun í lok maí. Þeir fengu spurningarnar sendar í tölvupósti og svöruðu þeim í skólanum. Meðfylgjandi súlurit sýna viðhorf nemenda til fjögurra þátta sem spurt var um. Niðurstöður eru sýndar sem hlutfall nemenda í prósentum. Sambærileg könnun var gerð vorið 2006 en þá var áberandi óánægja meðal nemenda í 5. bekk þ.e, núverandi 6. bekkjum og var brugðist við þeirri óánægju með því að bæta við hópum í ensku (grænn hópur) og stærðfræði (hvítur hópur) og virðist það hafa skilað sér í betri líðan nemenda. Sjá mynd 5 og 6.


Enska

Enska 5. bekkir allir hópar 2006-7




Mynd 1

Enska 6. bekkir allir hópar 2006-7



Mynd 2

Enska 7. bekkir allir hópar 2006-7




Mynd 3

Í 5. bekk sögðust um 72% nemenda líða vel í enskutímum, 66,7% í 6. bekkjum og 92,73% í 7. bekk. Einn þáttur sem skiptir ekki síður máli er jákvætt viðhorf nemenda til þess að kynnst nemendum úr öðrum bekkjum.


Stærðfræði

Stærðfræði 5. bekkir allir hópar 2006-7




Mynd 4

Stærðfræði 6. bekkir allir hópar 2006-7




Mynd 5

5. bekkur stærðfræði - allir hópar



Mynd 6

Stærðfræði 7. bekkir allir hópar 2006-7



Mynd 7

Við samanburð á mynd 5 og 6 sést að mun fleiri nemendum í 6. bekk í vetur líður vel í stærðfræðitímum en í fyrra þ.e. 68% á móti um 25% þegar þau voru í 5. bekk. Þá er viðhorf þeirra til að kynnst nemendum í öðrum bekkjum orðið mun jákvæðara en það hefur aukist úr 20% í 57%.

Í 5. bekk sögðust um 72% nemenda líða vel í stærðfræðitímum, 68% í 6. bekkjum og 85% í 7. bekk.

Kristrún Sigurðardóttir

Samræmd próf

Skólaárið 2006-2007 voru samræmd próf þreytt í 4. og 7. bekk. Alls tóku 67 nemendur í 7. bekk samræmd próf en 52 í 4. bekk. Tveir nemendur í 7. bekk tóku hvorugt prófið og í 4. bekk þrír nemendur. Árangur nemenda var mjög góður, bæði í 4. og 7. bekk. Sjá meðfylgjandi töflur:

Stærðfræði 4. bekkur

Íslenska 4. bekkur

Ár	Hofsstaðaskóli	Suðv. kjördæmi	Landið	Hofsstaðaskóli	Suðvestur-kjördæmi	Landið
2006 meðaltal	6,9	6,8	6,7	7,2	6,7	6,7
2006 normaldreifð	31,4	30,7	30,0	33,4	30,2	30,0

Stærðfræði 7. bekkur

Íslenska 7. bekkur

Ár	Hofsstaðaskóli	Suðvestur-kjördæmi	Landið	Hofsstaðaskóli	Suðvestur-kjördæmi	Landið
2006 meðaltal	8,2	7,5	7,3	7,5	7,0	7,0
2006 normaldreifð	34,7	30,8	30,0	34,2	30,6	30,0



Brautalausnir í stærðfræði 6. bekk

Framvinda nemenda frá 4. í 7. bekk

Í Hofsstáðaskóla er jákvæð þróun í heildareinkunn í íslensku varðandi neðsta fjórðung og næst efsta fjórðung. Í efsta fjórðungi eru þó hlutfallslega færri nemendur með raðeinkunnina 75 – 99 í 7. bekk en í 4. bekk. Neikvæð þróun á sér stað í stafsetningu og næst efsta fjórðungi í ritun. Hins vegar er mjög jákvæð þróun í lesskilningi og hlustun ásamt málfræði og málnotkun. Í stærðfræði hefur fækkað þeim sem eru í neðri tveimur fjórðungum hvað varðar heildareinkunn. Þeim sem eru í næst efsta fjórðungi hefur fjölgað en fjöldi þeirra sem eru í efsta fjórðungi hefur staðið í stað. Sjá töflu:

Námsframvinda nemenda sem tóku samræmd próf í 4. bekk 2003 og 7. bekk 2006

Stærðfræði					Íslenska				
Heildareinkunn					Heildareinkunn				
Raðtala/hlutfall nem. í %	5-25	26-49	50-74	75-99	Raðtala/hlutfall nem. í %	1-25	26-49	50-74	75-99
Allir í 4.b. 2003	12,2	21,5	29,1	37,3	Allir í 4.b.	15,3	16,8	20,0	47,9
Allir í 7.b. 2006	7,5	19,8	35,1	37,6	Allir í 7.b.	9,3	17,3	34,5	40,4
Mism. 4.-7.	-4,6	-1,7	6,0	0,4	Mism. 4-7	-6,0	0,5	14,5	-7,5

Hafðís Bára Kristmundsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Læsi og raddlestur í 1.-3. bekk

Læsi – lesskimun er próf til að skima lestrarfærni nemenda í 1. og 2. bekk. Þrjú verkefni eru lögð fyrir nemendur í 1. bekk og tvö fyrir nemendur í 2. bekk. Fyrirlögn á Læsi er samræmd í grunnskólum Garðabæjar svo hún sé samanburðarhæf. Umsjónarkennarar leggja Læsi fyrir með aðstoð deildarstjóra. Nemendur í 1. bekk sýna mun lakari færni en síðustu tvö ár sem er bæði umhugsunarvert og áhyggjuefni. Nemendur í 2. bekk sýna lakari árangur nú en árin á undan og hafa þau ekki náð að bæta við sig í lestrarfærni miðað við þetta próf. Ef marka má þessar niðurstöður er brýn þörf á að vinna sérstaklega með lestur í þessum tveimur árgöngum. Meðaltal síðustu þriggja ára að vori er eftirfarandi:

Læsi - lesskimun						
1. bekkur 2007	1. bekkur 2006	1. bekkur 2005		2. bekkur 2007	2. bekkur 2006	2. bekkur 2005
57,3%	72,5%	66%		66%	73,5%	75%

Raddlestrarpróf meta hversu villulaust og hratt nemendur getur lesið upphátt. Í lestrarstefnu Hofsstáðaskóla kemur fram viðmið hvers árgangs á lesnum atkvæðum á mínútu og er þá miðað við 90 – 100% árangur. Í töflunni hér á eftir má sjá árangur nemenda í 1.-3. bekk á síðustu þremur skólaárum. Meðaltal nemenda í 3. bekk er á viðmiði en ljóst að halda þarf vel utan um lesturinn og hvetja þau áfram. Í 2. bekk hefur áunnist talsvert en þar er bil milli nemenda mikið og of margir sem ekki ná settu marki meðan að nokkrir vellæsir nemendur hifa meðaltalið upp. Í 1. bekk er ljóst að gera verður markvisst lestrarátak. Einungis einn bekkur af þremur nær viðmiðum um 60 atkv. á mínútu. Sjá nánar í eftirfarandi töflu:

Raddlestur								
Viðmið 1. bekkur 60 atkv.			Viðmið 2. bekkur 100 atkv.			Viðmið 3. bekkur 170 Atkv		
2007	2006	2005	2007	2006	2005	2007	2006	2005
57,32	62,7	52,5	135,68	120	115,3	169,7	173,3	174

Lestrarstefna Hofsstáðaskóla hefur verið yfirfarin m.t.t. 7. bekkjar en kominn er tími til þess að endurskoða hana og fara m.a. yfir viðmið hvers árgangs. Setja þarf hærra mark en 200 atkv. fyrir eldri nemendur. Til stendur að endurskoða lestrarstefnu Garðabæjar og það ætti að fara vel saman. Deildarstjóri yngri deilda hefur setið samráðsfundi með deildarstjórum Flata- og Sjálundsskóla um lestrarkennslu og lestrarpróf þar sem m.a. er rætt um samræmi á milli skólanna í einkunnagjöf og viðmiðum. Áframhald verður vonandi á því samstarfi.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Gegn einelti

Gegn einelti í Garðabæ er skipulögð aðgerðaáætlun Hofsstáðaskóla, Flataskóla, Sjálundsskóla og Garðaskóla sem felur í sér markviss vinnubrögð til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, bæta líðan og öryggi nemenda svo og skólabraginn í heild. Megin markmið verkefnisins er að auðvelda innleiðingu á breyttum starfsháttum sem fela í sér markviss vinnubrögð, samstöðu og samvinnu allra starfsmanna í vinnu gegn einelti. Verkefnið er jafnframt liður í að framfylgja markmiðum sem sett eru fram í Skólastefnu Garðabæjar.



Verkefnisstjórn er skipuð námsráðgjöfum og deildarstjórum skólanna og heldur hún reglulega fundi. Starfið á þessu skólaári hófst á lokafrágangi veggspjalda sem hönnuð voru sérstaklega fyrir verkefnið og hengd upp í fjölmörgum stofnunum bæjarins. Samhliða var bæklingurinn *Gegn einelti í Garðabæ* endurnýjaður og endurútgefin. Nokkur fyrirtæki í bænum auk bæjarsjóðs styrktu útgáfuna á bæklingnum og veggspjaldinu.

Þemavika var dagana 22.–26. janúar og var þá lögð áhersla á vináttu, samskipti og bekkjarfundi. Upphaf vikunnar markaðist af því að mynduð var vinakeðja umhverfis skólann. Gerð var starfsáætlun fyrir hvern árgang og skiptust skólarnir á verkefnum. Gott samstarf var við Vímuvarnanevnd Garðabæjar og stóðu hún m.a. að því að hengdir voru upp sérstakir fánar við fjölfarnar leiðir í bænum í anda veggspjaldanna. Næsta haust er áformað að endurvekja fræðslu til starfsmanna um aðgerðaáætlunina og beina sjónum sérstaklega að nýjum starfsmönnum. Námsráðgjafi hefur tekið saman verkefna- og hugmyndabanka fyrir

vinnu tengda samskiptum og einelti sem gagnast kennurum vel. Meðvitaðir starfsmenn geta áorkað miklu í að útrýma einelti og bæta samskipti nemenda.

Verkefnisstjórnin hefur hug á að leggja fyrir viðhorfakönnun en nokkuð er liðið síðan síðast var gerð könnun á stöðu eineltis mála í skólum bæjarins og er nú beðið eftir tilboði frá Rannsókn og greiningu.

Nokkrar formlegar tilkynningar bárust til námsráðgjafa og eða deildarstjóra vegna gruns um einelti. Unnið var í samvinnu við umsjónarkennara, nemendur, foreldra og aðra starfsmenn skólans samkvæmt eineltisáætlun. Skráningarform og vinnureglur sem skólarir hafa sett sér eru skilvirk og hafi sannað gildi sitt.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Á grænni grein

Hofsstaðaskóli er skóli á grænni grein og hefur sett sér það markmið frá haustinu 2005 að fá Grænfánann. Unnið var samkvæmt umhverfisstefnu Hofsstaðaskóla skólaárið 2006-7. Meðal verkefna sem unnið var að var flokkun á sorpi í öllum skólastofum en það gekk misvel eftir bekkjum. Hver bekkur sá einu til tvisvar á skólaárinu um að hreinsa skólalóðina. Reynt var að auka vatnsdrykkju og voru flestir nemendur með glas í skólastofunni svo þeir gætu fengið sér vatn eftir þörfum. Hætt var að selja mjólk í litlum fernum og var hún eingöngu seld í áskrift og afgreidd í matsal úr „mjólkurbelju“. Á næsta skólaári verður áfram unnið að því að Hofsstaðaskóli fái Grænfánann.

Krístrún Sigurðardóttir



7. bekkingar hreinsa umhverfi skólans

Vordagar: útivist og vettvangsferðir

Samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár og útfærslu þeirra í Skólanámskrá Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og hægt er og allir eigi kost á námi við hæfi. Starfið er reglulega brotið upp en á vordögum er tækifæri nýtt til lengri ferða og útivistar í skaplegra veðri en oft er yfir veturinn. Útivistardagar og vorferðalög eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og liggur mikill undirbúningur að baki þeim. Huga þarf vel að tengingu við markmið námskráa og tryggja að öllum nemendum líði vel og þeir fái að njóta sín. Skilningur og stuðningur foreldra sem greiða í bekkjarsjóði hefur gert það mögulegt að fara svo margar og fjölbreyttar ferðir sem raun ber vitni. Nánar er fjallað um þessar ferðir í skýrslum árganganna hér á eftir.



Vettvangsferð 6. bekkjar að Vífilsstaðavatni

Þemadagar

Víkuna 20.–24. nóvember voru þemadagar í Hofsstaðaskóla. Þemavika er fastur liður í skólastarfinu einu sinni á ári og er þá unnið með ýmis verkefni.

Markmið með þemavinnu er:

- Að efla með nemendum félags- og skólaanda
- Að nemendur kynnist nemendum úr öðrum bekkjum
- Að nemendur læri um og kynnist afmörkuðum verkefnum
- Að þjálfra samvinnu nemenda
- Að vinna með huga og hönd

Í þetta sinn var efni þemadaga „Himingeimurinn“. Nemendum var skipt í hópa þvert á árganga og fengu þeir mismunandi verkefni hluta úr skóladegi. Í lok þemadaga var afraksturinn gerður sýnilegur á veggjum skólans og skemmtiatriði flutt á sal. Foreldrar voru beðnir að gefa efni sem hægt væri að endurnýta og voru viðbrögð mjög góð. Þannig var hægt að skapa ýmis konar verkefni og listaverk án mikils tilkostnaðar.

Undirbúningur þemavikunnar hófst á því að allir starfsmenn fengu fræðslu um himingeiminn og leystu ýmis verkefni sem síðar voru lögð fyrir nemendur. Helgi Grímsson skólastjóri Sjálandsskóla annaðist fræðsluna ásamt Snævarri Guðmundssyni sem kom með *Stjörnuverið* í skólann með stuðningi foreldrafélagsins.

Stjörnuver er sýndarheimur þar sem áhorfendur sitja inni í kúlulaga hvelfingu og sérhannað sýningartæki varpar mynd af stjörnuhimninum á vegg þess. Í stjörnuveri fræðast áhorfendur um stjörnurnar, reikistjörnur, tunglið og önnur fyrirbæri alheimsins. Í einu vefangi má ferðast á milli reikistjarna, sjá skýjabelti Júpíters eða hringa Satúrnusar eða skoða Jörðina frá fjarlægum sjónarhornum. Allir nemendur fóru í Stjörnuverið og þótti þeim mikið til koma.



Reikistjörnugerð

5. ÝMSAR SKÝRSLUR

Skýrsla deildarstjóra

Deildarstjórar eru mjög virkir í daglegri stjórnun Hofsstaðaskóla og koma að skipulagningu og halda utan um flesta þætti skólastarfsins. Þeir önnuðust undirbúning skólabyrjunar sem m.a. felur í sér stundatöflugerð, skipulag list- og verkgreina, íþrótt, færnimiðaðs náms og hópaskiptingar í ýmsum greinum hringekju og kaupum á námsefni. Skólanámskrá C var yfirfarin, endurskoðuð og uppfærð en hún er n.k. handbók kennara og hluti af skólanámskrá. Ýmislegt nýtt bættist við á þessu ári s.s. um námsmat, námsmat nemenda með dyslexíu, vinnuferli vegna lúsasmits, vinnuferli vegna óskilamuna o.fl.

Gengið var frá skipulagi á skemmtunum á sal, þrifum á skólalóð og innanhúss skóladagatali. Farið var yfir kaup á námsbókum og námsgögnum, kennsluáætlanir yfirfarnar og þess gætt að öll gögn væru vistuð á viðeigandi stöðum. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með bóka- og tækjageymslum ásamt vinnuherbergi kennara. Haldnir voru fundir með nemendum sem koma nýir í 2.–7. bekk og einnig foreldrum fyrstu bekkina.

Deildarstjórar stýra starfi stuðningsfulltrúa í samráði við sérkennara, skipulagi starfsdaga, samræmdra prófa, skemmtana, námskeiða og fræðslufunda. Þeir sitja í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* og stýra þeirri vinnu í skólanum. Deildarstjóri yngri deilda sér um öll samskipti við leikskóla og situr fundi vegna *Brúum bilið* samstarfsáætlunar leik- og grunnskóla. Hún sér ennfremur um að leggja fyrir *Læsi* í 1. og 2. bekk. Deildarstjóri eldri deilda sér m.a. um Grænánaverkefnið og umhverfisstefnu skólans, samskipti við Garðaskóla, Þorralót 6. bekkina og árshátíð 7. bekkina og Reykjaferð.

Auk þessa og margra fleiri verkefna sinna deildarstjórar agamálum, funda með foreldrafélagi og foreldraráði, sitja nemendaverndarráðsfundi, árgangafundi og fundi með skólastjórum tvisvar í viku, halda utanum skipulag kennarafunda. Þeir sitja og skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda ef þess er óskað, fundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins. Deildarstjórar önnuðust starfsmannaviðtöl við kennara og stuðningsfulltrúa hvor á sínu stigi. Þeir halda utan um námsmat í skólanum í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Sjá um að vinna úr niðurstöðum samræmdra prófa og deildarstjóri eldri deilda gerir m.a. skýrslu um framfaræinkunn nemenda frá 4. til 7. bekkjar. Hann er einnig prófdómari í framsögn.

Um áramót lét aðstoðarskólastjóri af störfum og hafði það mikil áhrif á störf deildarstjóranna sem tóku að sér aukin verkefni þar til nýr aðstoðarskólastjóri var ráðinn. Deildarstjóri yngri deilda annaðist t.d. skipulag forfallakennslu og deildarstjóri eldri sá um skipulag í matsal og frímínútnagæslu svo eitthvað sé nefnt. Nýr aðstoðarskólastjóri tók til starfa um miðjan mars en þá voru áfram þrjú stjórnendur því ekki var ráðið í stöðu deildarstjóra yngri fyrr en frá 1. ágúst. Þessar breytingar settu mark sitt á störf deildarstjóra eins og áður er nefnt og juku til muna vinnuálag sem fékkst að einhverju leyti greitt. Samstarf við nýjan skólastjóra svo og aðra starfsmenn hefur verið mjög gott á árinu og það ber að þakka.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Nemendur í 1. bekk voru 55 talsins skólaárið 2006-2007. Umsjónarkennarar voru Ester Höskuldsdóttir, Gunnhildur Grétarsdóttir og Helga Óskarsdóttir, ásamt Önnu Birnu Rögnvaldsdóttur sem sá um stuðning við einhverfan dreng. Einnig kom inn viðbótarkennari yngra stigs, Hafdís Bára Kristmundsdóttir fyrir áramót og síðan Ásta Kristjánsdóttir og kenndu minni hópum.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að nemendur í árganginum kynnist og læri að vinna saman.

Skipulag kennslunnar

Skipulag kennslunnar hefur verið með margvíslegum hætti, einstaklingsmiðað og færnimiðað m.a. í forni hópastarfs og hringekju. Stór hluti hefur farið í blöndun í árganginum til að mynda í forni móðurmálshringekju þar sem níu mismunandi verkefni eru í boði hjá þremur umsjónakennurum ásamt viðbótarkennara yngra stigs. Einnig var í gangi frjálst val í forni leiks og skapandi vinnu. Í byrjun vetrar og fram undir vor var lögð áhersla á markvissa málörvun í hópum. Um var að ræða fimm getuskipta hópa sem umsjónakennararnir þrír voru með ásamt sérkennara og viðbótarkennara yngra stigs. Sú vinna sem unnin var í leikskólanum var grundvöllur áframhaldandi vinnu í markvissri málörvun hér í skólanum.

Kennsla í fyrsta bekk hefur einnig einkenst af hlutbundinni vinnu og áhersla lögð á skapandi vinnu og samþættingu námsgreina. Útikennsla var í tengslum við samfélagsfræði og náttúrufræði. Má þar nefna skólabyrjun og nánasta umhverfi, gamla og nýja tímanna, þemaverkefni um himingeiminn og útikennslu í sambandi við þema um tré, fugla og blóm.

Vettvangsferðir

Heiðmörk, miðborg Reykjavíkur, þar sem skoðað var Ráðhúsið, Alþingishúsið, Austurvöllur, og Landnáms-safnið, gönguferðir í nágrenni skólans, tjörnin í Kópavogi, fjaran í Garðabæ, Mosfellsbær og umhverfi Reykjalundar.



1. bekkingar í vettvangsferð

Skemmtanir og félagslíf

Í tengslum við 100 daga hátíð var haldin hátíð í skólanum sem allur árgangurinn tók þátt í. Einnig var haldið jólaball og íþróttahátíð. Hver bekkur kom fram á sal og sýndi skemmtiatriði a.m.k. einu sinni yfir veturinn.

Námsráðgjafi hefur lagt fyrir tengslakannanir í tveimur af þremur bekkjum.

Foreldrasamstarf

Í vetur hafa verið haldin bekkjarkvöld og foreldrakaffi á aðventunni. Einnig voru starfræktir vinahópar í tveimur af þremur bekkjum.

Bekkjarsjóður

Bekkjarsjóður var stofnaður í vetur í öllum bekkjum og sáu foreldrafulltrúar bekkjanna um að halda utan um greiðslu úr sjóðnum. Aðallega var greitt fyrir rútur og einnig fyrir veitingar á kaffihúsi.

Mat á starfi vetrarins

Starf vetrarins gekk að vel að mati kennaranna. Árgangurinn náði að kynnast vel innbyrðis og bekkja allir alla með nafni. Blöndun þykir hafa tekist ákaflega vel og hefur hún átt þátt í að brjóta upp hefðbundið starf og verið öllum tilhlökkunarefni. Næsta vetur mun verða lögð enn meiri áhersla á blöndun innan árgangsins t.d. í formi hópaskiptingar.

Námsmat

Námsmat hefur verið í formi símats og reglulegra staðlaðra kannana í lestri. Raddlestrarpróf og Læsi voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir veturinn hvort. Talmeinafræðingur hefur einnig komið inn með málþroskapróf. Skriflegur vitnisburður var gefinn að vori. Gefið er í orðum og almennri umsögn (sjá námsmat skólanámsskrá).

Ester Höskuldsdóttir, Gunnhildur Grétarsdóttir og Helga Óskarsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Nemendur í 2. bekk voru 40 talsins. Umsjónarkennarar voru Bryndís Svavarsdóttir og Ragnheiður Stephensen auk Ástu Kristjánsdóttur viðbótarkennara. Meðferðar- og stuðningsfulltrúar einhverfra nemenda voru Hildur Sonja Guðmundsdóttir og Sigurveig Björnsdóttir (eftir áramót). Agnes Kragh kom einnig inn með stuðning í tvo tíma á viku.

Helstu áherslur árgangsins

Að nemendum líði vel í skólanum og fái kennslu við hæfi.

Skipulag kennslunnar

Auk hefðbundins bekkjarstarfs var mikið um hópaskiptingar t.d. í lestrarkennslu (þá kom Anna Eymundsdóttir, sérkennari líka að kennslunni), stærðfræði og samfélagsfræði. Námið var byggt upp á litlum þemaverkefnum (hafið, fjöllin, heimsálfurnar, íslenski fáninn og skjaldamerkið, kisuland, stærðfræðistöðvar o.fl.) þar sem hópa og paravinna var einkennandi. Á bekkjargrunni unnu nemendur mikið einstaklingsmiðað í vinnubókum sem tengdust lestrarnámi og stærðfræðinámi, þ.e. hver var með vinnubók við sitt hæfi. Heimanám var sent heim einu sinni í viku og var skammturinn, eitt stærðfræðiblað, sögubók og ein blaðsíða í skrift. Nokkrir nemendur fengu aðlagð heimanám, bæði þyngra, léttara eða styttra.

Vettvangsferðir

Farið var í eftirfarandi vettvangsferðir: Listasafn Einars Jónssonar, fjallgöngu á Ásfjall, Borgarleikhúsið og séð leikritið Leitinn að jólnum, Surtseyjarsýning í Þjóðmenningarhúsinu, Þjóðminjasafnið (jólaveinar), fjöruferð, skautuferð, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, gönguferð í Öskjuhlíð og Nauthólsvík og vorferð í Guðmundarlund.

Skemmtanir og félagslíf

Haldin voru nokkur bekkjarkvöld í hvorum bekk fyrir sig. Í 2. RS voru vinahópar í gangi með misgóðum árangri.

Bekkjarsjóður

Foreldrar greiddu 4000, kr. í bekkjarsjóð og dugði það vel fyrir vetrarstarfinu.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var í flestum tilfellum mikið og gott.

Mat á starfi vetrarins

Flest gekk vel í vetur. Sérstaklega var öll hópavinnan vel heppnuð og skemmtileg. Nemendur unnu mikið verklegt og það gerði starfið skemmtilegt. Sú aðstoð sem kom inn í bekkina nýttist vel og gerði aukna fjölbreytni í starfi mögulega.

Kristinfræðikennslan var lítil og næstum engin í 2. RS. Námsefnið þykir óspennandi og óaðlaðandi fyrir börnin og því var tíminn nýttur í brýnni málefni eins og siðfræði- og félagsfærni.

Í lífsleikni var ætlunin að styðjast við námsefnið *Að vaxa úr grasi* en lítið varð úr því og einungis einstaka kaflar teknir fyrir sem tengdust viðfangsefnum líðandi stundar.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat byggðist helst á litlum könnunum, lokaprófum og símati (sjá námsvísi árgangs). Í stærðfræði var sama námsmat á haustönn en á vorönn fengu átta nemendur aðlagðar kannanir og sjö þeirra fengu líka aðlagð próf. Einn tók einstaklingsmiðað próf (6 ára vorpróf).

Lestrarkennslan var einstaklingsmiðuð, búnir voru til hópar með svipuð markmið. Stærðfræðin var það líka þó grunnefnið væri það sama en unnið var í kringum það. Ekki tóku allir nemendur allt efnið en voru í staðinn með námsfni við þeirra hæfi, bæði léttara og þyngra.

Kennurum þykir hafa tekist vel að aðlaga námsfni og námsmat að þörfum nemenda og það sem ekki var nógu gott í byrjun var bætt þegar líða tók á veturinn.

Bryndís Svavarsdóttir og Ragnheiður Stephensen



Fjallganga í 2. bekk

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Nemendur í 3. bekk voru alls 44 í tveimur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Ágústa K. Steinarsdóttir og Ragna Jóhannsdóttir ásamt Sólborgu Pétursdóttur stuðningsfulltrúa og Ástu Kristjánsdóttur viðbótarkennara.

Helstu áherslur árgangans

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Nota til þess ýmsar aðferðir eins og upplýsinga- og leitarnám ásamt samvinnu. Sjálfstjórn og ábyrgð nemenda í verkefnavinnu, framkomu og hegðun, með leiðarljós skólans til grundvallar.

Skipulag kennslunnar

Auk hefðbundinna þátta var hluti námsins í hringekju og hópastarfi t.d. í gagnvirkum lestri þar sem boðið var upp á bæði einstaklings- og færnimiðað nám.



3. bekkur í lestrarstund á bókasafni

Vettvangsferðir

Í september, var farið í fjöruferð og gönguferð í Gálgahraun. Í nóvember var mjólkursamsalan heimsótt og í desember farið í Reykjavíkurfærð. Í febrúar var skautafærð á dagskrá, í maí, sveitafærð að Hraðastöðum og í júní var húsdýragarðurinn heimsóttur.

Skemmtanir og félagslíf

Að loknu vinapema var sameiginleg sýning á sal og sameiginlegt bekkjarkvöld. Ekki er vitað til þess að það hafi verið gert áður hér í skólanum. Verkefnið tókst í alla staði mjög vel og leiddi til þess að árgangurinn varð samheldnari. Mælt er með því að það verði endurtekið. Spilakvöld, aðventukaffi að morgni til í desember var einnig á dagskrá. Í bekkjunum voru vinahópar sem foreldrarnir sáu um. Tengslakannanir voru gerðar með reglulegu millibili í tenglum við lífsleiknina.

Bekkjarsjóður

Að hausti voru innheimtar 4000 kr. í bekkjarsjóðina. Það reyndist varla nægjanlegt. Húsdýragarðurinn hækkaði gjaldið óvænt, sveitafærðin varð dýrari en ráðgert var og rúturnar kostuðu meira en áætlað var.

Foreldrasamstarf

Mikil áhersla var lögð á gott samstarf við foreldrana enda er það talið vera einna af grunnþáttum góðs bekkjaranda.

Mat á starfi vetrarins

Þegar á heildina er lítið gekk starfið vel í vetur. Samstarf bekkjarkennarana var frábært. Það sem helst hefði mátt fara betur var skipulag á starfi viðbótarkennarans. Það er mjög mikilvægt að allir sem koma að kennslunni í árganginum séu með í skipulagningu og markmiðssetningu. Einnig er nauðsynlegt að þess sé gætt að viðbótarkennari hafi boðlega aðstöðu fyrir sig og nemendur.

Ágústa Steinarsdóttir og Ragna Jóhannsdóttir



4. bekkingar í vettvangsferð

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Nemendur í bekk voru alls 55 í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Guðrún Pálsdóttir, Hrönn Kjærnested og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Árgangurinn lagði áherslu á samvinnunám og hópastarf í ýmsum námsgreinum, aðallega þó í stærðfræði og íslensku. Í lífsleikni voru bekkjarfundir haldnir vikulega.

Skipulag kennslunnar

Í hringekju var unnið í fjórum hópum. Einn nemandi hafði einstaklingsmiðaða námskrá og vísir að einstaklingsmiðuðu námi var unnið í samstarfi við sérkennara vegna nokkurra nemenda.. Heimanámspakki var sendur heim vikulega í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsgreinum.

Vettvangsferðir

Farið var á Úlfarsfell, í Þjóðminjasafnið, Sorpu, skautuferðir í Egilshöll, vorferð á Akranes. Gróðursett í Bæjargarð í Hraunsholti, nokkrar göngu- og skoðunarferðir, hjólaferð og ratleik.

Skemmtanir og félagslíf

Spilakvöld var fyrir áramót og skemmtikvöld eftir áramót í öllum bekkjum. Einnig stóðu foreldrar fyrir fleiri viðburðum á skólaárinu. Vinahópar voru í tveim bekkjum og teknar voru tengslakannanir í öllum bekkjum.

Bekkjarsjóður

Sama gjald var í öllum bekkjum kr. 4.500.

Foreldrasamstarf

Gekk vel í öllum bekkjum og mikil og góð tölvusamskipti. Sendur var vikulegur póstur heim með helstu upplýsingum um liðna viku. Mjög vel var mætt í foreldraviðtöl eða 100%.

Mat á starfi vetrarins

Yfirleitt gekk stærðfræðikennslan vel og mikill stuðningur var af sérkennslutímum. Sama má segja um íslenskukennsluna. Hún gekk nokkuð vel en eftir á að hyggja hefði mátt leggja meiri áherslu á ritun og gagnvirkan lestur.

Námsmat/námsaðlögun

Seinfærir nemendur tóku próf hjá sérkennara og höfðu ýmist lesara /skrifara eða aðlagð próf.

Er það mat kennaranna að eftir að nemandi hefur fengið greiningu þurfi að taka sameiginlega ákvörðun um eftirfylgni og að gerð sé einstaklingsnámskrá og n.k. aðgerðaáætlun fyrir hann.

Guðrún Pálsdóttir, Hrönn Kærnested og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Nemendur í 5. bekk voru alls 62 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Magnea Harðardóttir, Bergljót Vilhjálmisdóttir og Brynja Jónsdóttir. Anna Margrét Einarsdóttir kenndi einum stærðfræðihóp. Ragnhildur Sigurðardóttir þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúarnir Anna Laxdal og Agnes Kragh voru til stuðnings nemendum.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að kynnast nýjum bekkjum, stuðla að vellíðan nemenda, auka og bæta samskipti og agastjórnun, skapa nemendum viðunandi vinnuskilyrði, kenna vinnubrögð og ábyrgð, fræða og stuðla að einstaklingsbundnum framförum.

Þróunarstarf

Lögð var áhersla á ný vinnubrögð s.s. leitarnám, símat, sjálfsmat, félagamat, lotubundna kennslu í samfélagsgreinum, veggspjaldagerð, leikræna tjáningu, gildrustafsetningu, skriftarþjálfun, tölvuvinnslu, framsögn og fleira.

Skipulag kennslunnar

Í öllum bekkjunum átti sér stað einstaklings- og samvinnunám. Kennsla í stærðfræði var færnimiðuð og sömuleiðis í ensku eftir miðsvetrarpróf. Tímabundin tilraun var gerð til færnimiðaðs náms í stafsetningu og ritun.

Kennsluáðferðir voru margs konar s.s. hópinnlögn, einstaklingsvinna, leitarnám, „sérfræðingánám“, tölvuvinnsla, vinnubókagerð, veggmyndagerð, tilraunavinna, „gildrustafsetning“, munnleg umhverfis- og vettvangsfræðsla, leikræn tjáning, framsögn, spurningakeppni, ýmiss konar samvinnunám o.fl. Þemavinnan um himingeiminn var samvinnuverkefni allra árganga. Samfélagsfræðin var kennd í lotum og útikennsla var í tengslum við vettvangsferðir og námsefni vetrarins.

Námsmatið var símat, sjálfsmat, félagamat, kennaramat, skrifleg próf, leikræn tjáning, mat á vinnubókum og annarri vinnu nemenda. Í heimanámi var lestur á hverjum degi ásamt tveimur öðrum verkefnum. Ekkert heimanám var um helgar.

Vettvangsferðir

Bekkirnir fóru á landnámssýningu í Þjóðminjasafninu og í Aðalstræti, á jólasýningu í Borgarleikhúsinu, skautuferð í Egilshöll, vettvangsferð í miðbæ Reykjavíkur, gönguferð í Garðabæ, heimsókn í Rafheima, vorferð í Slakka og sund í Reykholti (Árn.) Hætt var við heimsókn í Þjóðveldisbæinn vegna mikillar úrkomu jafnt inni í rútunni sem utan.

Skemmtanir og félagslíf

Vinahópar voru í 5. BV, en foreldrar ákváðu að sleppa þeim í hinum bekkjunum. Allir bekkirnir héldu tvö bekkjarkvöld þar sem foreldrum var boðið. Annað var spilakvöld en hitt afrakstur leikflutnings á sal. Bekkirnir héldu sameiginlegt diskótek þar sem nemendur sáu um tónlistarflutning. Bekkjarsjóður bauð upp á pizzur og gos. Í öllum bekkjunum voru gerðar tengslakannanir og reynt var með ýmsu móti að efla félagsþroska nemenda. Foreldrum var boðið á tvær bekkjarsamkomur, fulltrúar þeirra tóku þátt í undirbúningi diskóteksins og fáeinir foreldrar tóku þátt í vettvangsferðum.

Bekkjarsjóður

Innheimtar voru 5500 kr. í bekkjarsjóð.



Útivist í 5. bekk

Mat á starfi vetrarins

Gildrustafsetningin gekk vel. Nemendur urðu meðvitaðri um „gildrur“ stafsetningarinnar og bættu árangur sinn til muna. Vinnubrögðin bjóða upp á styttri en tíðari æfingar og hentar öllum bekknum óháð úthaldi og getu. Veggspjaldavinna styrkti samvinnu, skapandi hugsun og færni.

Kristinfræðivinnan styrkti samvinnu, skapandi hugsun, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð. Vortíminn var þó ódrjúgur vegna leyfa, námsmats o.fl.

Leikræn tjáning var reynd í bókmenntum og kristinfræði. Hún vakti ánægju nemenda og sumir hóparnir skiluðu gríðarlega skemmtilegum og óvæntum árangri. Æskilegt væri að ætla henni meiri tíma.

Skriftarþjálfun að hausti gekk vel en æskilegt hefði verið að fylgja henni betur eftir til lengri tíma með t.d. þriggja línu þjálfun á dag.

Það gafst vel að kenna samfélagsgreinar í lotum þ.e. eina námsgrein í einu. Leitarnám í landafræði gekk að mörgu leyti mjög vel en efnið var of yfirgripsmikið miðað við áætlaðan vinnutíma. Það væri skemmtilegt að gera nemendur að sérfræðingum í ákveðnum þáttum og láta þá fræða félagi sína og jafnvel foreldra. Nemendur voru mjög ánægðir með að taka gagnvirk próf í tölvum.

Nemendur hafa hlotið nokkra vinnuþjálfun í tölvum í vetur og það væri æskilegt að hafa svo sem eina til tvær tölvur í hverri stofu fyrir þá sem eiga erfitt með að skrifa, svo og aðra nemendur sem skipst gætu á að vinna ýmis verkefni tengd námsefninu.

Námsmat/námsaðlögun

Námsaðlögun fór fram í stærðfræði og enskuhópum og hjá einstaklingum eins og við varð komið. Þörfin verður endurskoðuð strax að hausti og aðlöguð námskeiði kennara um námsaðlögun. Kennurum þykir þörf á að samræma reglur um námsúrræði og námsmat og kynna þær öllum kennurum skólans.

Nemendur í grænum stærðfræðihópi fengu að nota vasareikni en tóku sama próf og aðrir í árganginum. Tekið var tillit til stafsetningar í ensku og málrækt hjá þeim nemendum sem greindir eru með dyslexiu.

Nokkrir nemendur fengu persónuleg úrræði í prófum. Þeir fengu t.d. lesara, og/eða skrifara og að taka próf í minni hópum.

Anna Magnea Harðardóttir, Bergljót Vilhjálmisdóttir og Brynja Jónsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.

Nemendur í 6. bekk voru alls 69 í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Björk Ólafsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir og Ólafur Pétursson. Áslaug Hartmannsdóttir og Kristrún Sigurðardóttir, kenndu sitt hvorum stærðfræðihópnum. Agnesar Kragh var stuðningsfulltrúi. Björg Jónsdóttir og María Ásmundsdóttir Shanko kenndu sitt hvorum hópnum ensku.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að efla samstarf og samvinnu nemenda í bekkjunum þremur. Elva Björk námsráðgjafi kom þar inn í og skilaði frábæru starfi.

Þróunarstarf fór fram í samvinnu við aðra kennara skólans og Svanhildi kennsluráðgjafa í íslensku um stafsetningarnám og kennslu. Meðal annars voru búin til stafsetningarpróf og staðlar í þessu samstarfi.

Skipulag kennslunnar

Hópastarf var viðhaft í bæklingagerð um Norðurlöndin og í tengslum við Vífilsstaðavatn svo eitthvað sé nefnt. Getuskipt var í ensku þar sem nemendum var skipt í fjóra hópa. Einnig var færnimiðað nám í stærðfræði þar sem nemendum var skipt í fimm hópa. Nemendur sem þurftu einstaklingsmiðaða námskrá fengu hana að einhverju leyti hjá sérkennara og umsjónarkennara þar sem það átti við.

Kennsluaðferðir eru hafðar sem fjölbreyttastar til að höfða til sem flestra nemenda. Námsmatsaðferðir eru meðal annars skrifleg próf, verkefnavinna, virkni og vinnusemi, hópa- og einstaklingsmat. Dæmi um útikennslu eru ferðin að Vífilsstaðavatni og vorferð í Reykholt á slóðir Snorra Sturlusonar. Gert var ráð fyrir heimanámi fjóra daga vikunnar, þriðjudag til föstudags, eitt til tvö fög í senn.

Vettvangsferðir, skemmtanir og félagslíf

Farið var að Vífilsstaðavatni í tenglum við námsefni um Vífilsstaðavatn. Skoðuð var sögusýningin í Perlunni í tengslum við Snorrasögu. Farið í skautiferð og leikhúsfarð. Tekið þátt í vinnumorgni í Húsdýragarðinum í lok nóvember og byrjun desember. Í febrúar var haldið árlegt Þorrablót 6. bekkinga.

Bekkjarkvöld voru bæði á vor- og haustönn og diskótek haldið í nóvember. Í júní var gengið á Keili og farið í vorferð að Reykholti þar sem nemendur fengu leiðsögn um fræðasetrið Snorrastofu. Að því loknu var farið í sund í Borgarnesi. Í 6. ÓP voru vinahópar starfandi. Tengslakannanir voru gerðar af Elvu námsráðgjafa í tengslum við vinnu með félagsþroska nemenda.



Vettvangsferð 6. bekkjar að Vífilsstaðavatni

Bekkjarsjóður

Í bekkjarsjóð voru greiddar kr. 5000,- á nemanda.

Foreldrasamstarf

Foreldrum var boðið að koma á bekkjarkvöld nemenda, fyrir og eftir áramót, einnig voru þeir boðsgestir á þorablóti.

Mat á starfi vetrarins

Árekstrum á milli bekkja fækkaði frá því sem áður var og samvinna hefur aukist jafnt og þétt milli bekkjanna. Námsefni um *Snorra Sturluson* má færa á vorönn svo það verði kennt í meiri tengslum við vorferð að Reykholti. *Norðurlöndin* og *Auðvitað* yrðu þá kennd á haustönn.

Námsmat/námsaðlögun

Nemendur með sérþarfir fengu lesara og skrifara í einhverjum tilfellum, þeir fengu að skrifa rétt eftir réttu í stafsetningarstíl (90 orð). Í lesskilningsprófi í janúar fengu þessir nemendur að hlusta á textann í stað þess að lesa hann eingöngu af blaði. Það fyrirkomulag gafst mjög vel og eru kennarar hlyntir því.

Björk Ólafsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir og Ólafur Pétursson

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Í árganginum voru 67 nemendur í þremur bekkjardeildum Umsjónarkennarar voru Anna Rós Bergsdóttir, Lilja Karlsdóttir og María Ásmundsdóttir Shanko. Auk þeirra kenndu Krístrún Sigurðardóttir og Áslaug Hartmannsdóttir stærðfræði og Björg Jónsdóttir enskuhópi ásamt dönsku.

Helstu áherslur árgangansins

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla. Þróunarstarf var í færnimiðuðu námi og breyttum kennsluháttum í sögukennslu, sjá síðar. Magn heimanáms var samræmt í árganginum. Lesa átti fyrir hvern dag og læra heima í mest tveimur fögum á degi hverjum. Reynt var að hafa einungis lesfög fyrir mánudaga þannig að nemendur ættu meira frí um helgar. Einnig var reynt að setja nemendum fyrir viku fram í tímann svo þeir sem vildu gætu unnið um helgar eða þegar þeim hentaði. Á vorönn er mikil áhersla lögð á upplestur og þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni sem tókst með ágætum. Að þessu sinni var haldin sameiginleg keppni milli nemenda af Seltjarnarnesi og úr Garðabæ. Nemandi úr Hofsstáðaskóla varð í öðru sæti. Allir þátttakendur voru sjálfum sér og skólanum til sóma

Vettvangsferð

Farið var í ferð að Gljúfrasteini heimili Halldórs Laxness í tengslum við ljóðakennslu. Í Þjóðleikhúsið og starfsemi og skipulag innanhúss skoðað. Skautuferð var fyrir jólin og sumir fóru á kaffihús á eftir. Vorferðin var farin í Hvalfjörð með leiðsögn, farið í sund og grillað.

Skemmtanir

Á haustönn var haldið diskótek eða Halloween-ball, þar sem nemendum Flataskóla og Sjálandsskóla var boðið. Fengin var diskótekari frá diskótekinu Dísu. Viðurkenningar voru veittar fyrir bestu búningana. Allir nemendur komu með eitthvað á hlaðborð. Þetta tókst í alla staði mjög vel og mælt er með því að þessi siður verði festur í sessi. Síðar um veturinn bauð Flataskóli svo á diskótek.



Skemmtikvöld í 7. bekk

Skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði

Í febrúar var farið að Reykjum í Hrútafirði og dvalið þar í góðu yfirlæti í viku (fimm virkir dagar). Ferðin heppnaðist einstaklega vel og voru menn afar stoltir af framgöngu nemenda skólans. Í ferðinni sást vel hversu mikill félagslegur ávinningur er af því að blanda nemendum árgangansins í tímum (s.s. list- og verkgreinum og dýpra námi). Þau þekktust vel innbyrðis og blönduðust í hópa óháð bekkjum og ekki sjáanlegt að nokkur væri hafður útundan. Starfið á Reykjum er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Aðstaða og aðbúnaður var góður, maturinn frábær, starfsfólkið yndislegt og kvöldvökurnar eftirminnilegar. Haldið var úti bloggsíðu þ.e.a.s. settar voru inn myndir og fréttir nokkrum sinnum dag hvern og vakti það mikla ánægju hjá foreldrum. Þeir gátu þannig fylgst með barni sínu og dvölinni. Nemendur unnu ritgerð upp úr dagbók sem þeir héldu á Reykjum.

Árshátíð

Árshátíðin var haldin í apríl og var „sumarið“ þema hátíðarinnar. Nemendur sáu um allan undirbúning hennar undir stjórn kennara og deildarstjóra og buðu foreldrum sínum til veislu. Byrjað var á hæfileikakeppni, síðan var mexíkanskur matur á borðum og að lokum dönsuðu nemendur en foreldrar fóru heim. Þetta tókst með eindæmum vel og er orðið að föstum liði í 7. bekk.

Bekkjarsjóður

Í bekkjarsjóð voru greiddar 5000 krónur. Reykjaferðin var greidd sérstaklega af nemendum en skólinn greiddi rútukostnaðinn.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk mjög vel í vetur og foreldrar viljugir til að mæta þegar þeim var boðið. Bekkjarfulltrúar voru fengnir í ýmis hlutverk á skemmtunum s.b.r. árshátíðinni. Sumir báru ábyrgð á drykkjum, aðrir á miðasölu o.s.frv. Kennarar mættu samt vera duglegri við að fá foreldra til aðstoða í ferðum og fleiru.

Mat á starfi vetrarins

Nú þegar annar vetur í kennslu 7. bekkjar í Hofstaðaskóla er svo metið að komið sé nokkuð gott lag og skipulag á námsefni og félagslíf árgangsins. Veturinn gekk sérstaklega vel.

Anna Rós Bergsdóttir, María Ásmundsdóttir Shanko og Lilja Karlsdóttir



Umræðuhópur í 7. bekk

Skýrsla fagstjóra í erlendum tungumálum

Enskukennsla í 5.bekk

Enskukennslan í 5.bekk var bekkjarskipt fyrir áramót og bókin Portfolio kennd auk þess sem kennarar nýttu sér aukaefni með bókinni. Eftir áramót var nemendum skipt í hópa eftir getu og voru kennarar sammála um að það hefði verið verulega mikil breyting til batnaðar.

Enskukennsla í 6. bekk

Enskan var þemakennd veturinn 2006-2007 og nýttar voru Topic bækur sem fylgja með námsefninu Portfolio. Teknar voru fyrir bækurnar Amazing animals, World of Records og Hobbies. Auk þess voru tekin fyrir þemu eins og Halloween, Valentinesday, Christmas og Easters þegar það átti við. Nemendur höfðu með þessari vinnu bókina Build up 1 og unnu flestir nemendur þá bók á sínum eigin hraða.

Tekin var sú ákvörðun að breyta enskukennslunni og leggja niður stóran hluta af þeim orðaforðaprófum sem nemendur voru vanir að glíma við. Þess í stað var ákveðið að kennslan yrði meira lifandi og að nemendur fengju meiri þjálfun í að skilja talað mál og geta talað. Þetta gekk vel og verður að stórum hluta eins næsta vetur.

Námsmat var með þeim hætti að eftir hvert þema var gert verkefni sem var mismunandi eftir þemum en reynt var að nýta alla helstu þætti tungumálakennslu og látið reyna á ritun, lesskilning, hlustun, talað mál og málfræði. Auk þessara verkefna voru próf á prófadögum, sérstök hlustunar-, lesskilnings- og ritunarpróf.

Enskukennsla í 7.bekk

Enskan var þemakennd veturinn 2006-2007 og nýttar voru Topic bækur sem fylgja með námsefninu Portfolio. Teknar voru fyrir bækurnar Going places, Children of the World og Out in Space. Auk þess voru tekin fyrir þemu eins og Halloween, Valentinesday, Christmas og Easters þegar það átti við. Nemendur höfðu með þessari vinnu bókina Build up 2 og unnu flestir nemendur þá bók á sínum eigin hraða.

Tekin var sú ákvörðun að breyta enskukennslunni og leggja niður stóran hluta af þeim orðaforðaprófum sem nemendur voru vanir að glíma við. Þess í stað var ákveðið að kennslan yrði meira lifandi og að nemendur fengju meiri þjálfun í að skilja talað mál og geta talað.

Námsmat var með þeim hætti að eftir hvert þema var gert verkefni sem var mismunandi eftir þemum en reynt var að nýta alla helstu þætti tungumálakennslu og látið reyna á ritun, lesskilning, hlustun, talað mál og málfræði. Auk þessara verkefna voru próf á prófadögum, sérstök hlustunar, lesskilnings og ritunarpróf.

Danska

Bókin Klar Parat var notuð í 7.bekk en ákveðið var að nemendur tækju ekki með sér geisladiskinn sem bókinni fylgir heim, þar sem það hafði ekki gefist sérlega vel áður. Í staðinn fór stór hluti af dönskuárinum í hlustun þar sem bekkurinn hlustaði saman og vann verkefni með aðstoð kennara. Lítil áhersla var lögð á málfræði fyrir áramót og aðallega reynt að gera dönskuna skemmtilega og leggja inn orðaforða. Eftir áramót lærðu nemendur mjög einfalda málfræði s.s eintölu og fleirtölu, greini og nútíð og þátíð sagna. Lítið var um próf en nemendur unnu eitt verkefni einstaklingslega fyrir áramót og tóku svo lokapróf í janúar. Í maí unnu nemendur svo mjög stórt verkefni sem innihélt ritun og talað mál, en þá voru allir teknir upp á myndband þar sem þeir sögðu stuttlega frá sjálfum sér á dönsku. Þetta gekk mjög vel og vakti mikla lukku.

Ýmsar aðferðir voru notaðar til að læra orðaforðann t.d orðaspil, orðablóm og gerði hver bekkur t.d stórt orðablóm fyrir utan sína stofu þar sem orðaforða var safnað.

Björg Jónsdóttir

Skýrsla kennara í list- og verkgreinum

Heimilisfræði

Heimilisfræði er kennd á námskeiðum. Árgöngum er skipt í hópa og fer fjöldi hópanna eftir stærð árganga. Náms- og verkefni heimilisfræðinnar í 1.–7. bekk, gengur út á að byrja á grunninum og byggja alltaf ofan á þekkingu og færni nemenda. Verkefnin þyngjast eftir því sem árunum fjölga. Nemendur 1. bekkja gera deigið með kennaranum þegar nemendur 7. bekkjar gera allt sjálf eftir innlögn kennarans. Í náminu er lögð áhersla á persónulegt hreinlæti og hreinlæti við matargerð og mikilvægi þess að ganga vel frá. Nemendur eiga að verða ábyrgir neytendur, kunna að velja og hafna og bera virðingu fyrir umhverfinu og eigum annarra. Þeir læra meðhöndlun ávaxta og grænmetis, búa til léttu rétti úr grænmeti, ávöxtum, kjöti og fiski. Baka holl brauð og kökur, útbúa drykki. Allt tekur þetta mið af fjölbreytni og hollustu út frá næringarfræðinni. Það er mjög auðvelt að samþætta heimilisfræðina öðrum námsgreinum. Í nokkur ár hafa nemendur í 6. bekk boðið foreldrum sínum á þorralót sem er þeirra árshátíð. Hefð er að skapast fyrir því að nemendur 7. bekkja bjóði foreldrum sínum á árshátíð og í mat. Í ár var boðið upp á mexíkóskan mat. Þar leggja allar list og verkgreinar saman og er heimilisfræðin í stóru hlutverki því hún sér um allan mat.

Nemendum í 6. og 7. bekk gefst kostur á valnámskeiði í heimilisfræði. Á haustönn komu tveir hópar úr 6. bekk einu sinni í viku í átta vikur eða 25 stundir. Á vorönn komu tveir hópar úr 7. bekk einu sinni í viku í átta vikur. Eingöngu er um að ræða verklega vinnu. Verkefnaval er fjölbreytt s.s. bakstur, súpur, kjötréttir, pasta og eftirréttir.

Námsgögn í heimilisfræði: 2. 3. og 4. bekkur, *Hollt og gott*. 5. bekkur *Gott og gagnlegt*, 6. bekkur *Gott og gagnlegt 2* og 7. bekkur *Gott og gagnlegt 3*. *Næringarfræði matvæla, fæðudúkurrinn*, allt gefið út af Námsgagnastofnun. *Fæðuhringurinn* útg. Lýðheilsustofnun. *Með allt á hreinu í eldhúsinu*, útg. Félag heimilisfræðikennara. Krossgátur.

Námsmat í 2.–7. bekk er símat, Nemendur fá umsögn og einkunn í orðum, eftir þeim viðmiðum sem skólinn ákveður. Við námsmat er lögð til grundvallar: vinna, eftirtekt, sjálfstæði, hegðun, frágangur og borðhald (borðsiðir).

Áslaug Þorgeirsdóttir

Myndmennt

Myndmennt var kennd í námskeiðaformi eins og aðrar verklegar greinar í vetur. Nemendur í 3. – 7. bekk mættu tvisvar í viku, tvo tíma í senn, flestir í sex vikur, en 2. bekkur kom einu sinni í viku, tvo tíma í senn. Námskeiðaformið hefur reynst mjög vel, sérstaklega vegna þess að nemendur koma tvisvar í viku og góð kynni skapast á milli kennara og nemenda. Nemendur eru líka fljótir að koma sér að vinnu þegar ekki líður lengri tími á milli kennslustunda. Því miður var 1. bekkur ekki í myndmennt í vetur. Kennari telur betra að fá að fylgja nemendum frá upphafi. Myndmennt er þess í stað fléttuð inni daglegt starf nemenda í 1. bekk með umsjónarkennara.

Kennsluáætlanir í myndmennt reyndust raunhæfar, allir nemendur náðu að skila fyrirfram ákveðnum verkefnum og margir náðu að gera aukaverkefni. Í 2. bekk byrjar kennslan á að nemendur læra að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna, myndbygging skipar stóran sess. Í 3. bekk er haldið áfram og farið lengra með efnið og litum og lítafræði bætt við. 4. bekkur fer dýpra í lítafræðina og meira farið í uppbyggingu. Þannig er haldið áfram að leiða nemendur áfram með það í huga að byggja ofan á fyrra nám.

Allir nemendur vinna eitt verkefni í mótun í leir og er sami grundvöllur hafður í huga, þ.e.a.s byggja á fyrri reynslu og bæta sífellt við.

Boðið var upp á val í myndmennt fyrir 6 og 7. bekk. Nemendur í 6. bekk voru fyrir áramót í tvískiptum hópum einu sinni í viku. Nemendur skáru út dúkristu og þrykktu myndir sem þau unnu eftir ljóðum Tómasar Guðmundssonar.

Nemendur úr 7. bekk komu tvær stundir í senn eftir áramót, verkefni þeirra var að vinna að stórrí veggmynd þar sem leiðarljós Hofsstáðaskóla er viðfangsefnið. Ákveðið var að nemendur gerðu allt efnið sjálf, þar á meðal allar leirflísar. Vinnan er gríðarleg þannig að nemendur í vali næsta árs munu klára myndina. Í ár var ekki boðið upp á val í leir og gleri, því miður því nemendur spurðu mikið um hvers vegna.

Öll verkefni eru metin til einkunna, einnig hópverkefni. Einkunn er gefin í bókstöfum. Vinnusemi, samvinna og hegðun er stór þáttur í einkunnagjöf.

List og verkgreinar eru nú allar á sama gangi sem er vel. Ráðgert var að stækka rýmið fram á gangana, en því miður hefur ekkert orðið úr því. Vonandi verða þessar framkvæmdir búnar þegar við komum til stafa í haust. Það er orðin þörf á að stækka rýmið fyrir myndmennt, sífellt er verið að bæta við í verkefnavali. Þurrkerbergi fyrir leir og myndir hefur bráðvantað. Eins þarf að skipta um stóla og borð. Stólarnir eru virkilega úrsérgengir, auk þess sem litlu krakkarnir eiga mjög erfitt með að komast upp á þá og nokkur hafa dottið og meitt sig.

Sólrún Guðbjörnsdóttir,



Einbeittur nemandi í myndmennt

Textílmenn

1. bekkur Kennt var á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom einu sinni í viku sex til sjö sinnum, tvær kennslustundir í senn. Verkefni: Vefur á spjaldi, ullarþæfing og ormur.

Námshöfn: Sýnishorn unnin af kennara

Mikill munur var á nemendum úr 1 bekk fyrir og eftir áramót. Þau börn sem voru eftir áramót, voru mun þroskaðri og duglegri að vinna, heldur en þau sem voru í textíl fyrir áramót.

2. bekkur:

Kennt var á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 16 til 17 sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Námshöfn: Sýnishorn unnin af kennara.

Verkefni: Útsaumur, klippt og saumað, krosssaumur, vélsaumur, ullarþæfing, fingurþrjón. Ullarþæfing/ tröllíð er mjög skemmtilegt verkefni. Það fara tvö skipti í verkefnið, fyrri skiptið þæfa nemendurnir bolta og seinna skiptið setja þau hár, augu, munn og fætur og úr verða lítil tröllabörn. Einnig er þúði í krosssaum mjög gott verkefni, nemendur þjálfast í útsaumi og vélsaumi því gengið er frá þúðanum í saumavél. Nemendur velja efni í kant og bak og verða þúðarnir þar af leiðandi mjög ólíkir og persónulegir.

3. bekkur: Kennt var á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 17 sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Handavinnupoki með útsaumi, snúrugerð, prjón, krosssaumur.

Námsgögn: Sýnishorn unnin af kennara.

Vel gengur að kenna prjón í 3. bekk, en samkvæmt námskrá á að byrja prjón í 4. bekk. Stuðningsfulltrúar hafa komið inn til aðstoðar þegar prjón er lagt inn.

Prjónaður er leppur, augu munnur og hár sett á, snúra fyrir hendur og fætur.

4. bekkur: Kennt var á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 13 til 14 sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Vélsaumur-bangsi, prjón- föt á bangsann.

Bangsaverkefnið var einstaklega vel heppnað og mikill áhugi bæði hjá stelpum og strákuum.

Nemendur saumuðu bangsann að því loknu eru prjónaðar buxur á hann og jafnvel fleiri föt, ef áhugi er fyrir hendi. Efnisbútar voru notaðir í að sauma föt á bangsann, sængur, koddar og ýmislegt fleira. Verkefnið er samvinnuverkefni með smíðinni. Nemendur smíðuðu rúm fyrir bangsann og að vori var haldin bangsasýning á gangi skólans.

5. bekkur: Kennt var á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 11 til 12 sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Stjörnumerki með krosssaumi, límt á platta, mjög gott verkefni.

Prjón frjálst val úr prjónablöðum, bókum. Ullarpæfing- boltar og fleiri smáverkefni.

Mikill áhugi í prjóni, þá aðallega prjónaðar húfur og drengirnir voru sérlega áhugasamir.

6. bekkur: Kennt var á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 10 til 11 sinnum, tvær kennslustundir í senn. Nemendur vinna sjálfstætt og einnig í hópum.

Verkefni: Bútasaurur- púði, vélsaumur, útsaurur, prjón, hekl.

Crazy quilt – bútasaurur er mjög skemmtilegt verkefni og hefur notið mikilla vinsæla ekki síst hjá strákuum. Einnig er verkefnið mjög gott því hægt er að nýta alla afganga í það bæði bómullarefni, flísefni og annað sem til fellur.

6. bekkur – val :Tveir hópar voru í vali og kennt í átta skipti. Hver hópur kom einu sinnu í viku, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Koddaver með útsaumi- hugmyndavinna, vélsaumur, prjónað og þæft.

Hugmyndavinna, nemendur útfæra sínar eigin hugmyndir með aðstoð kennara. Mjög skapandi verkefni og lítil hætta á að tveir hlutir verði eins.

7. bekkur: Tveir hópar voru í vali og kennt í níu skipti. Hver hópur kom einu sinnu í viku, tvær stundir í senn.

Verkefni:Náttbuxur, ullarpæfing- töskur og fleiri smáhlutir, prjón og hekl.

7. bekkur – val: Nemendur völdu sér verkefni í samráði við kennara og eftir getu. Verkefni sem um er að ræða eru: Fatasaumur (hönnun), útsaurur, prjón, ullarpæfing og hekl.

Námsmat: Virkni og vinnubrögð í tímum metin. Gefið var í bókstöfum í lok námskeiðs.

Námshögn: Unnið eftir skólanámskrá og *Hannyrðir* í 3.-6. bekk. Sýnishorn unnin af kennara.

Ester Jónsdóttir

Smíði og nýsköpun

1. bekkur: Kennt á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom einu sinni í viku 6 til 7 sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Í fyrsta tímanum fengu nemendur kynningu á smíðastofunni, hvað varðar verkfæri og umgengni. Síðan fóru þeir í afganga kassann (kubbar og afsag) og bjuggu til listaverk. Í næsta tíma byrjuðu nemendur

á að saga stjórn, pússa, mála og skreyta í næstu tímum þar á eftir. Ef nemendur voru duglegir, hugmyndaþir og áhugasamir, gátu þeir búið til ýmis aukaverkefni úr afgangakassanum, skreytt og málað. Námsgögn: Sýnishorn og verkefni unnin af kennara. Efni: Mdf, málning, augu fjaðrir og annað skraut. Verkfæri: Útsögunarsög, sandpappír. Það var töluverður munur á getu nemenda í 1. bekk og fór helst eftir þroska hvers og eins.

2. bekkur: Kennt á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom einu sinni í viku átta til níu sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Í fyrsta tímanum fengu nemendur kynningu á smíðastofunni, hvað varðar verkfæri og umgengni. Þrjú verkefni voru í gangi í 2. bekk. Ormur, jólatré og mælistika. Nemendur söguðu út með útsögunarsög, pússuðu, máluðu og skreyttu. Á mælistikuna teiknuðu nemendur handfangið sjálfir og notuðu brennipenna við merkingar.

Námsgögn: Sýnishorn og verkefni unnin af kennara. Efni: Mdf, málning, augu fjaðrir og annað skraut. Verkfæri: Útsögunarsög, sandpappír, brennipenni.

3. bekkur: Kennt á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 17 sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Í fyrsta tímanum fengu nemendur kynningu á smíðastofunni, verkfærum og umgengni. Þrjú verkefni voru í gangi í 3. bekk. Sirkusselur (hreyfiverkefni), tímaritabox sem að nemendur nota fyrir bækur og blöð í skólafunni og að lokum Afrikumynd sem unnin er úr afgangum af tímaritaboxinu.

Námsgögn, sýnishorn: Verkefni unnin af kennara.

Efni: Mdf, dílastangir, málning, naglar, leðurreim, augu fjaðrir og annað skraut.

Verkfæri: Útsögunarsög, bakkasög, hamar, sandpappír, þjöl, brennipenni, trélitir.

4. bekkur: Kennt á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 13 til 14 sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Í fyrsta tímanum fengu nemendur kynningu á smíðastofunni, verkfærum og umgengni. Tvö verkefni voru aðallega í gangi í 4. bekk. Fyrri verkefnið var samvinnuverkefni með textíl. En í textíl saumuðu nemendur bangsa, föt á bangsann og rúmföt í rúmið en í smíði bjuggu þeir til rúm. Nemendur teiknuðu snið og hönnuðu rúmgaflana sjálf. Þeir söguðu þá út með útsögunarsög, pússuðu og máluðu eftir sínu höfði. Haldin var bangsasýning á gangi skólans í lok skólaársins.

Í seinna verkefninu teiknuðu nemendur fugl, söguðu út, pússuðu og máluðu. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni, því að það komu svo margar fuglategundir og týpur fram. Þeir nemendur sem að unnu vel og áttu afgangstíma, unnu frjáls verkefni, eftir vali og getu hvers og eins.

Námsgögn: sýnishorn og verkefni unnin af kennara.

Efni: Mdf, málning, skrúfur, krossviður, járnspöng, fjaðrir, augu.

Verkfæri: Útsögunarsög, bakkasög, vinkill, tommustokkur, sandpappír, þjöl, límbysa.

5. bekkur: Kennt á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 11 til 12 sinnum, tvær kennslustundir í senn.

Verkefni: Í fyrsta tímanum fengu nemendur kynningu á smíðastofunni, verkfærum og umgengni. Aðallega voru tvö verkefni í gangi í 5. bekk. Fyrri verkefnið var sprautuverkefni. Nemendur fengu grunneiningar í verkefnið sem eru þrjú Mdf bútar og hafa frjálsar hendur með að hanna verkefnið. Lofti úr einni sprautu er sprautað gegnum slöngu og í aðra sprautu til þess að fá virkni í verkefnið. Síðara verkefnið er lampi. Nemendur saga út stelpu eða strák, pússa, mála og skreyta.

Námsgögn: Sýnishorn og verkefni unnin af kennara.

Efni: Mdf, málning, skrúfur, skraut, slanga, jólasería.

Verkfæri: Útsögunarsög, bakkasög, sandpappír, þjöl, límbysa, vírherðatré.

Nýsköpun: Nemendur 5. bekkja mættu í nýsköpun einu sinni í viku, 12 nemendur í hóp tvær stundir í senn. Rætt var um hugtakið nýsköpun og hver nemandi vann að sinni hugmynd og útfærslu hennar. Allar hugmyndir tóku þátt í nýsköpunarkeppni Hofsstáðaskóla og allar hugmyndir voru sendar í

Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna. Ástþór Ragnarsson iðnhönnuður og kennari í lðnskólanum í Hafnarfirði valdi bestu hugmyndirnar og Marel gaf verðlaun



Nýsköpun

6. bekkur: Kennt á námskeiðum í hópum. Hver hópur kom tvisvar í viku 10 til 11 sinnum, tvær kennslustundir í senn. Nemendur vinna sjálfstætt og einnig í hópum.

Verkefni: Í fyrsta tímanum fengu nemendur kynningu á smíðastofunni verkfærum og umgengni. Tvö verkefni voru í gangi í 6. bekk. Fyrra verkefnið var bók með gömlu útliti. Nemendur fengu tvær koparfóliur á aðra fóliuna bjuggu þeir til mynd en hina heiti bókarinnar. Þessar tvær fóliur prýddu svo kápu bókarinnar. Bækurnar fengu heiti eins og gestabók, símabók, matreiðslubók, dagbók og fl. Seinna verkefnið var engill sem hélt á kertaglas. Hugmyndaríkir nemendur breyttu englinum í hinar ýmsu figúrir.

Námsgögn: Sýnishorn og verkefni unnin af kennara.

Efni: Mdf, málning, sparsl, pappír, leðuról, skraut, koparfólia, garn.

Verkfæri: Útsögunarsög, bakkasög, sandpappír, þjöl, límbyssu, borvél.

6. bekkur – val: Tveir hópar, kennt í átta skipti. Hver hópur kom einu sinnu í viku, tvær stundir í senn.

Verkefni: Lampi. Nemendur fengu eina 20 ljósa jólaseríu og nýttu gamalt dót í bland við nýtt efni. Lampasamkeppni var svo haldin í lok námskeiðs. Ástþór Ragnarsson iðnhönnuður og kennari í lðnskólanum í Hafnarfirði valdi vinningslampana og Marel gaf verðlaun.

7. bekkur: Tveir hópar, kennt í níu skipti. Hver hópur kom einu sinnu í viku.

Verkefni: Í fyrsta tímanum fengu nemendur kynningu á smíðastofunni verkfærum og umgengni. Eitt verkefni var aðallega í gangi í 7. bekk. Nemendur smíðuðu klukku og settu klukkuverk í hana. Skífurnar hönnuðu þeir eftir sínu höfði, eins og t.d límdar servéttur, ljósmyndir, merki o.fl. Áferð og málun var alfarið í höndum nemenda. Fæstir nemendur komust yfir fleiri verkefni en klukkuna.

Námsgögn: Sýnishorn og verkefni unnin af kennara.

Efni: Mdf, málning, klukkuverk, pappír.

Verkfæri: Útsögunarsög, tifsög, bakkasög, sandpappír, þjöl, límbyssu, borvél.

7. bekkur - val: Tveir hópar, kennt í átta skipti. Hver hópur kom einu sinnu í viku.

Verkefni: Lampi: Nemendur hanna lampa. Þeir fá eitt perustæði, vírnet, pappír og grisju.

Lampakeppni var svo haldin í lok námskeiðs. Ástþór Ragnarsson iðnhönnuður og kennari í lðnskólanum í Hafnarfirði valdi vinningslampana. Marel gaf verðlaun.

Námsmat: Virkni og vinnubrögð í tímum metin.

Einkunn: Gefin í bókstöfum í lok námskeiðs.

Sædís S. Arndal

Tónmennt

Hildur Jóhannesdóttir kom í ársbyrjun úr leyfi, kenndi hún 1. bekk og sá um samsöng og aðstoðaði við skemmtanir og atriði á sal. Unnur Þorgeirsdóttir sem kenndi 2.-7. bekk fór í barnsburðarleyfi í apríl og við kennslu hennar tók Hilmar Sverrisson tónlistarkennari.

1. bekkur.

Hver bekkur fékk tvær kennslustundir á viku. Skólanámskrá og kennsluáætlunum var fylgt í hvívetna. Markmiðin úr námsvísunum náðust öll. Kennsluaðferðir voru fjölbreyttar, samvinnunám er sú kennsluaðferð sem er ríkjandi. Kennsluefni: *Það var lagið*, kennsluefni f. 1.-4. bekk. Verkefni úr smíðju kennara.

Kennsluþættir: Mikil áhersla á samsöng, dans og hljóðfæraleik. Nemendur fluttu sönglög á sviði skólans fyrir skólasystkin.

Námsmat: Gefið er í bókstöfum. Símat yfir veturinn byggt á virkni, samvinnuhæfni og tónlistarlegri getu.

Hildur Jóhannesdóttir

Tónmennt 2.-4. bekkur:

Hver bekkur fékk tvær kennslustundir á viku. Skólanámskrá og kennsluáætlunum fylgt í hvívetna. Markmiðin úr námsvísunum náðust öll. Kennsluaðferðir voru fjölbreyttar, samvinnunám var ríkjandi kennsluaðferð.

Kennsluefni: *Tónmennt. 1. - 3. hefti. Vinnubók í tónmennt 1. - 3. hefti. Það var lagið*, kennsluefni fyrir 1.-4. bekk.

Þemavinna: Mozart, hljóðfærabók, Beethoven.

5. og 6. bekkur

Hver nemandi fékk sex sinnum 80 mínútur í tónmennt í námskeiðsformi.

Námsskrá menntamálaráðuneytis er ekki fylgt nema að hluta til vegna allt of lítills tíma. Námsmarkmið Hofsstáðaskóla náðust. Kennsluaðferðir fjölbreyttar, samspil og samvinna ríkjandi.

Kennsluefni: *Það er gaman að hlusta á framandi tónlist, það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist*, hljóðfærasmíð, vinnubók.

7. bekkur

Hver nemandi fékk sjö sinnum 80 mínútur í tónmennt í námskeiðsformi að jafnaði.

Námsskrá menntamálaráðuneytisins er ekki fylgt nema að hluta til vegna allt of lítills tíma.

Námsmarkmið Hofsstáðaskóla náðust.

Kennsluaðferðir fjölbreyttar, samvinna ríkjandi

6. og 7. bekkur - val

Kynning á tölvutónlist þar sem unnið var með tónlistarforritin Cubasis og eJay.

Í tengslum við tónmennt er oft unnið að skemmtiatriðum sem nemendur flytja á sal og skemmta skólasystkinum sínum. Tónmenntakennarar hafa aðstoðað bekkjarkennara við slíkar uppsetningar þar sem söngur og tónlist er oftast en ekki stór þáttur í atriðunum. Að koma fram og flytja efni fyrir hóp áheyranda er mikilvæg æfing fyrir nemendur.



Jólaleikrit 7. bekinga

Tónlist fyrir alla

Haldnir voru tvennir tónleikar á vegum *Tónlistar fyrir alla* í október og apríl. Á fyrri tónleikunum skemmti Diddú við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur og á þeim seinni skemmtu þeir Örn Árnason sögumaður, Björn Thoroddsen gítar, Gunnar Hrafnsson bassi og Ásgeir Óskarsson trommur. Þeir fluttu dagskrá sem bar yfirskriftina „Heimsreisa Höllu“ en hún byggir á íslenska þjóðlaginu „Ljósið kemur langt og mjótt“. Hlustun og þátttaka nemenda var til fyrirmyndar á báðum tónleikunum.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Samsöngur

Árgangarnir í 1.-6. bekk fengu 20 mínútna samsöng í sal á viku. Lagaval var mjög fjölbreytt, gömul íslensk þjóðlög, mannamótssöngvar, erlend lög, klassískir söngvar auk þess að syngja með börnunum það sem hæst ber á útvarpsstöðvunum hverju sinni. Samsöngur hefur fest sig í sessi sem hluti af skólamenningunni og er það vel. Það mætti íhuga að láta tvo kennara sjá saman um samsöng eins og víðast þekkist. Erfitt hefur reynt að vera allt í senn forsöngvari, stjórnandi, undirleikari og agastjóri og m.a af þeim sökum næst ekki alltaf viðunandi virkni hjá nemendum.

Hildur Jóhannesdóttir.



Húllumhæ á bekkjarskemmtun í 7. bekk

Kórastarf

Í vetur var sem endranær blómlegt kórastarf í Hofsstaðaskóla. Sungin er tónlist frá öllum tímum og á nokkrum tungumálum Yngri kórinn var í umsjá Unnar Þorgeirsdóttur og unnu þau ótullega allt fram í apríl að Unnur fór í barnsburðarleyfi. Þau settu upp söngleikinn Kardimommubæinn og sýndu bæði nemendum og foreldrum.

Eldri kórinn var í umsjá Hildar Jóhannesdóttur og settu þau upp söngleikinn *María Mist slær í gegn* sem saminn var af Hildi, sérstaklega fyrir kórinn. Söngleikurinn sló rækilega í gegn og voru sýningar allmargar m.a. sýning fyrir foreldra og boðsýning fyrir nemendur í Flata- og Sjálandsskóla.

Kórinn tók þátt í Norrænu kóramóti sem haldið var í Hofsstaðaskóla og Mýrinni í maí. Samkvæmt venju söng kórinn við skólaslit, annaðist jólaguðspjallið á jólaskemmtun og kom fram á ýmsum uppákomum í bænum og í Vídalínskirkju.

Því miður sér skólinn nú á bak Hildi Jóhannesdóttur sem starfað hefur hér í mörg ár. Er mikill missir að Hildi, sköpunargleði hennar og drift. Nemendur og starfsfólk Hofsstaðaskóla þakka henni frábært starf og óska henni velfarnaðar í lífi og starfi.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir



Útikennsla í íþróttum

Íþróttir

Í vetur fengu allir árgangar kennslu í íþróttum tvisvar í viku. Kennslan fór að mestu fram í Mýrinni en einnig var kennt úti bæði að hausti og vori.

Hjá 1.-3. bekk fór kennslan að mestu fram í leikjaformi en farið var yfir flest allar íþróttagreinar. Í 4.-7. bekk var kennslan fjölbreytt og farið í flest allar íþróttagreinar.

Danskennsla var í íþróttum í tvær vikur eftir áramót. Í lok danskennslunnar var haldið þorablót 6. bekkinga, þar sem nemendur gátu nýtt kunnáttu sína og sýnt foreldrum. Mjög vel gekk og væri mjög þarft að setja danskennslu reglulega inn í stundaskrá nemenda. Norræna skólahlaupið fór fram 3. nóvember og hlupu nemendur 2,5 km. Hið árlega vímuvarnarhlaup Lions var haldið á vordögum og kepptu 5. bekkingar og vann 5. BJ þetta árið.

Í fyrsta sinn var haldin skólabraut FRÍ sem er þríþraut. Keppt var í hástökki, spretthlaupi og kúluvarpi. 16 bestu á landinu tóku síðan þátt í landskeppni í Laugardal. Keppendur Hofsstaðaskóla sem voru þrír, stóðu sig með þryði og náði önnur stúlkanna öðru sæti í mótinu.

Íþróttadagur var haldinn 4. júní og gekk hann mjög vel. Deginum var skipt upp í tvo hluta. 5.-7. bekkur var fyrri hlutann og 1.-4. bekkur seinni hlutann. Nemendur völdu þrjár stöðvar sem voru 20 mín. hver. Dagurinn endaði síðan með samveru allra nemenda og kennara í íþróttahúsinu þar sem fór fram keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk.

Námsmat

Námsmat er byggt á símati þar sem virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum (huglægt mat) gildir 80% af annareinkunn. Almenn þættir hreyfifærni þ.e. samhæfing, jafnvægi, þol, kraftur og liðleiki eru metnir og gilda 20% af annareinkunn.

Kennarar

Í febrúarlök slasaðist annar íþróttakennarinn, Hreinn Októ Karlsson og var hann frá vinnu til vors. Í hans stað kom Jelena Jovanovic íþróttakennari. Í apríl fór síðan Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir í barnsburðarleyfi og tókst ekki að ráða menntaðan kennara í hennar stað. Jelenu til aðstoðar í stærri hópunum var Arnar Már Þórisson skólaliði og frjálsiþróttamaður. Íþróttakennslan gekk vel miðað við aðstæður og er því ekki síst að þakka hversu vel kennsluáætlanir voru undirbúnar af kennurum.

Sund

Sund var kennt í námskeiðaformi og miðað við að ekki væru fleiri en 12 í hverjum hópi. Í 5.-7. bekk eru sundtímarnir 60 mín. en 40 mín. í öðrum árgöngum. Eins og áður er getið þá fóru báðir íþróttakennararnir í leyfi á vorönn og tók Anna Día Erlingsdóttir sundkennari við sundkennslunni. Kennarar benda á að huga þurfi vel að nemendum með margvísleg vandamál og m.a. reyna að hafa færri nemendur í þeim hópum og eða stuðningsfulltrúa með þeim nemendum sem t.d. eiga erfitt með sjálfstjórn og hegðun.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir



Stuttmyndagerð

Ein valgreina sem í boði var sl. ár fyrir 7. bekk var stuttmyndagerð. Tveir hópar fengu notið námskeiðsins vorið 2007 og voru 12 nemendur í hvorum hópi. Umsjónarmenn voru Hildur Jóhannesdóttir og Elísabet Benónýsdóttir.

Nemendur komu átta sinnum í 80 mínútur.

Kennsluaðferðir: Skapandi hópvinna og verklegar æfingar í hópum voru undirstöðuaðferðir námskeiðsins.

Kennsluefni: Sjálfspottnar innlagnir kennara í upphafi tímans ásamt styrkjandi hópeflisæfingum sem runnar voru undan rifjum kennara.

Námskeiðið tókst að mörgu leyti mjög vel. Yfirferð á fyrra námskeiðinu var talsvert ofáttauð og liðu ræurnar fyrir það.

Á seinna námskeiðinu voru skornir niður ýmsir mikilvægir kennslu- og æfingapættir. Þetta var gert svo hóparnir næðu meiri tíma í sjálfa kvikmyndagerðina. Handstýrt var í hópana og minna hópefli en á fyrra námskeiðinu en hópefli er ein af undirstöðum vel heppnaðrar sköpunarvinnu. Handritagerð hófst strax og tókur í tíma tvö. Þessi flýtur hafði þá afleiðu að krakkarnir voru aðallega að læra á tæknina og umhverfið en minni tími fór í að stúdera og uppgötva litstræna þætti og flæði og aðal kennsluaðferðin varð uppgötvunarnám eða "learning by doing"

Niðurstaða kennara er sú að námskeiðið er allt of stutt til þess að vinna með listrænt flæði og enginn tími er til þess að vinna með hljóðsetningu nema að mjög takmörkuðu leyti. Hins vegar komu út úr námskeiðinu litlar ræmur, mjög grófunnar sem veittu gleði og hafa strax skapað eftirsóknarverðan markað í skólaumhverfinu. Vonandi verður framhald á þessu námsframboði og það þróað í samvinnu við skólastjórnendur.

Elísabet Benónýsdóttir og Hildur Jóhannesdóttir.



Handritsgerð

Skýrsla sérkennara

Í vetur voru þrjú sérkennarar starfandi við sérkennslu, þær Anna Eymundsdóttir sem kenndi aðallega í 1.–3. Áslaug Hartmannsdóttir sem kenndi í 6. og 7. bekk og Erla Gígja Garðarsdóttir sem kenndi aðallega 4. og 5. bekk. Sérkennsla fór bæði fram inn í bekkjarstofum og í sérkennslustofum.

Viðfangsefni sérkennslunnar eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna), aðstoð við einstaklingsnámskráargerð, aðlögun námsefnis/prófa, undirbúningur að komu nýrra nemenda og brottflutnings annarra. Greining námserfiðleika og stöðu nemenda auk vörslu trúnaðargagna.

Megináhersla var á kennslu í íslensku og stærðfræði. Í lesveri/sérkennslustofum var bæði um að ræða einstaklingskennslu sem og kennslu í hópum. Mikil og markviss þjónusta var veitt nemendum sem greindir eru á einhverfurófi. Í vetur störfuðu einn þroskaþjálfari, námsráðgjafi, fjórir stuðningsfulltrúar og tveir meðferðarfulltrúar við skólann. Unnu þeir með einstaka nemendur og einnig með nemendahópa. Talmeinafræðingur og skólasálfræðingur komu a.m.k. vikulega í skólann.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennara og í hverju sú þjónusta fólst. Í sumum tilvikum er um að ræða sama nemandann sem fær mismunandi þjónustu.

Sérkennsla og annar stuðningur á skólaárinu.

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara				Greining/ þjónusta sálfræðings		
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Íslenska		Stærðfræði		Dr.	St.	Í bið
							Dr.	St.	Dr.	St.			
1.	3	5	0	0	1	1	3	3	0	0	1	2	1
2.	5	8	2	6	0	0	5	4	2	4	4	2	1
3.	3	0	3	2	1	3	1	4	2	2	5	1	
4.	3	4	5	4	2	0	4	4	0	0	3	2	2
5.	11	5	6	4	1	0	4	3	0	1	6	2	
6.	8	8	3	6	1	3	2	2	0	0	1		2
7.	7	9	8	0	1	1	4	1	2	0	4		
Alls	37	39	27	22	7	8	23	21	6	7	24	9	6

Önnur þjónusta

Fráviksþjónusta í prófum hefur verið stýrt af sérkennurum. Hún felur í sér m.a. lengri tími, lesari, skrifari, munnlegt próf, aðlagð próf, sérpróf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi notið frávika í prófum eru einkunnir stjómumerktar á vitnisburðarblaði og gerð grein fyrir því um hvers konar frávík var að ræða.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Sérkennarar skólans, deildastjórar yngra og eldra stigs, námsráðgjafi, sálfræðingur skólans og hjúkrunarfræðingur sátu alla fundina. Eftir áramót sátu nýráðinn skólastjóri og aðstoðarskólastjóri einnig fundina. Þegar mál ákveðinna barna voru rædd voru bekkjarkennarar viðkomandi nemanda ofast boðaðir á fundina. Fundarmenn skiptust á að skrifa fundargerðir og skiptu menn með sér verkum þegar vinna þurfti á milli funda. Samráðsfundir sérkennara voru a.m.k. einu sinni í viku.

Greiningar og skimanir

Greiningar á erfiðleikum/stöðu nemenda er hluti af þjónustu skólans. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 1.-7. bekk að hausti, í janúar og maí. Nemendur í 2. og 3. bekk voru allir prófaðir á sex vikna fresti. Þeir nemendur í 4.-7. bekk sem lásu undir viðmiðum árgangs voru að auki prófaðir af sérkennurum á sex vikna fresti. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ná viðmiðum hvers árgangs í lestri undanfarin 3 ár.

Fjöldi nemenda sem náðu viðmiðum árgangs í lestri (atkv. atkvæðum á mínútu).

Skólaárin 2005 – 2007

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv/mín	60	134	170	200	200	200	200
Hlutfall nemenda í maí 2007		30 %	61 %	57 %	55%	64%	82%	79%
Hlutfall nemenda í maí 2006		48 %	45 %	54%	56%	78%	72%	88%
Hlutfall nemenda í maí 2005		38%	33%	54%	52%	64%	74%	

Stafsetning

Allir nemendur í 2.- 7. bekk voru prófaðir að hausti og vori í stafsetningu stakra orða skv. *Aston Index*- prófi. Notast er við sérstaka viðmiðunarhópa til þess að meta hvar nemendur eru staddir og hvort þeir þurfi sérstakan stuðning við stafsetningu, sjá eftirfarandi skýringar.

Skýring á viðmiðunarhópum í stafsetningu stakra orða eftir upplestri (*Aston Index*):

Talið er að 10% nemenda eigi í erfiðleikum með réttitun. Ennfremur að önnur 10% nemenda teljist vera í áhættuhópi, það er að segja þeir geti lent í erfiðleikum með réttitun.

Viðmiðunarhópur 1 á við þá nemendur sem teljast þurfa stuðningskennslu í réttitun.

Viðmiðunarhópur 2 á við þá nemendur sem þarf að gefa sérstakan gaum.

Viðmiðunarhópur 3. Í þessum hóp eru 60% nemenda, þeir sem hafa færni í kringum meðalgetu árgangsins.

Viðmiðunarhópar 4 og 5 eiga við þau 10%+10% sem geta unnið sjálfstætt með lágmarks leiðsögn.

Árangur nemenda í 2.–7. bekk í stafsetningu stakra orða

Viðmiðunar hópur	1		2		3		4		5	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
2. bekkur	2	0	7	1	25	11	3	12	2	17
3. bekkur	10	0	7	5	14	10	9	11	4	18
4. bekkur	4	1	4	2	27	19	3	14	5	16
5. bekkur	4	0	10	1	28	18	10	15	6	21
6. bekkur	7	1	4	3	28	18	12	18	12	21
7. bekkur	4	3	2	2	27	16	21	21	9	21

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í fyrsta bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lestrarkennslunnar. Bekkjarkennarar skiptu í hópa í „Markvissri málörvun“ í samráði við talmeinafræðing og sérkennara og fór hluti kennslunnar fram hjá sérkennara. Hóparnir voru fimm. Sérkennari sá einnig um lestrarpróf og stafakannanir til samræmis við lestrarstefnu skólans. Fyrstu bekkingar voru raddlestrarprófaðir í janúar og að vori.

Málproskapróf *TOLD-2P* var lagt fyrir hluta nemenda. Talmeinafræðingur lagði fyrir lestrarskimun *LES I* í maí 2007., *Læsi I* í nóvember, *Læsi II* í febrúar og *Læsi III* í maí. Veitt var ráðgjöf varðandi námsefni o.fl. Tveir nemendur fengu nýbúakennslu. Fimm nemendur voru sendir heim með valdar lestrarbækur til að lesa yfir sumarið.

2. bekkur

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hjóðkerfisvitund. Allir nemendur voru prófaðir sex sinnum. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og vori. Málproskapróf *TOLD-2P* var lagt fyrir hluta nemenda að beiðni bekkjarkennara einnig lestrar- og stafsetningagreiningar. Bekkjarkennarar lögðu Lestarskimunarpróf fyrir nemendur *Læsi I* í nóvember og *Læsi II* í febrúar. Sérkennsla í stærðfræði var einn tími á viku fyrir áramót og tveir tímar á viku eftir áramót. Nemendur í sérkennslu í stærðfræði fengu aðlagð námsefni. Þá sá sérkennari um prófafrávik í árganginum. Enginn nemandi fékk nýbúakennslu. Lestraráttak „*Lesum saman*“ (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn og tóku 15 nemendur árgangsins þátt í því. Tíu nemendur voru sendir heim með valdar lestrarbækur til að lesa yfir sumarið.

3. bekkur

Sérkennslan í 3. bekk fór fram í lesveri í fámennum nemendahópum fyrir áramót en eftir áramót voru aðallega tveir nemendur í sérkennslu, sem báðir höfðu einstaklingsnámskrá. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hjóðkerfisvitund og stærðfræði. Lestarpróf voru reglulega lögð fyrir alla nemendur árgangsins. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og vori og málproskapróf *TOLD-2P* fyrir nokkra nemendur. Þrjú nemendur fengu nýbúakennslu og einn nemandi fékk nýbúakennslu til viðbótar við sérkennslu. Þá sá sérkennari um prófafrávik í árganginum.

4. bekkur

Sérkennsla í 4. bekk fór fram í lesveri í litlum hópum innan hvers bekkjar. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund í íslensku. Námskeiðið „*Goggur, kisa og gamli maðurinn*” (sjá Lestrarstefnu) var í gangi á haustönn. Í stærðfræðihópunum var lögð áhersla á að efla skilning og sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í að finna sem fjölbreyttastar leiðir til að skilja og finna lausnir. Einn nemandi var með aðlagð námsefni í stærðfræði. Lestrarpróf voru reglulega lögð fyrir þá nemendur sem voru undir lestrarviðmiðum skólans, auk þess sem allir í árganginum tóku lestrarpróf þrisvar sinnum að vetrinum. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og vori. Sérkennari árgangsins sá um öll prófafrávik í árganginum. Tveir nemendur í árganginum fengu nýbúakennslu. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru tekin í nóvember. Sérkennari í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um fráviksþjónustuna. Sótt var um frávik fyrir sjö nemendur að þessu sinni tvær stúlkur og fimm drengi og reyndist það auðsótt. Fleiri nemendur fengu séraðstæður en engin frávik.

5. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór einkum fram hjá sérkennara í lesveri. Unnið var með lestur, lesskilning, hljóðkerfisvitund og stafsetningu. Námskeiðið „*Litlu landnemarnir*” (sjá Lestrarstefnu) var í gangi á haustönn og voru nemendur úr öllum bekkjum árgangsins þátttakendur. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og vori.

Einn nemandi í árganginum fékk nýbúakennslu til viðbótar við sérkennslu. *LH 40* (lestrarhæfnisathugun) var lögð fyrir alla nemendur í 5. bekk að hausti (sbr. Lestrarstefnu Hofsstáðaskóla).

Í 5. bekk var boðið upp á færnimiðað nám í stærðfræði. Nemendum var skipt í fjóra færnimiðaða hópa og sáu bekkjarkennarar og sérkennari um kennsluna. Námsfni, próf og kannanir voru í meginráttum þau sömu og jafnaldarnir voru að vinna að en þess gætt að aðlaga að þörfum sérhvers nemanda. Nemendur fengu að hafa hjálpargögn í könnunum og prófum. Nemendur fengu innlagnir einstaklingslega. Unnið var með *Geisla 1A* og *1B*. Fráviksþjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á.

6. bekkur

Stuðningur í íslensku fór einkum fram hjá sérkennara í lesveri. Fyrir áramót var unnið með lestur, lesskilning, hljóðkerfisvitund og stafsetningu skv. lestrarstefnu skólans. Unnið var m.a. með „*Mokoku*,” vinnubók, verkefnablöð, sögur og ævintýri. Eftir áramót var einkum unnið með efni árgangsins í málfræði og stafsetningu. Þrír nemendur fengu einnig einstaklingskennslu í lestri og stafsetningu allt skólaárið. Þrír nemendur í árganginum fengu nýbúakennslu.

Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og maí. *LH-40* lestrarhæfnisathugun var lögð fyrir alla nemendur í nóvember og aftur í apríl fyrir þá nemendur sem ekki náðu viðmiðum í nóvember.

Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði. Sérkennari vann með nemendum „græna hópsins” þar sem kennslan var aðlöguð persónulegum þörfum nemenda. Notast var í meginráttum við sama námsefni, kannanir og próf í öllum árganginum. Þrír nemendur í árganginum nýttu sér af og til um veturinn einstaklingsinnlög í stærðfræði. Unnið var með *Geisla 2* grunnbók og verkefnabækur. Fráviksþjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á.

7. bekkur

Stuðningur í íslensku fór einkum fram hjá sérkennara í lesveri. Unnið var með stafsetningu, málfræði, setningarfræði og málnotkun. Unnið var í samvinnu við bekkjarkennara (innlög, upprifjun) og tekið mið af stöðu nemenda hverju sinni. Auk þess mættu einstaka nemendur af og til í eftirfylgni og ráðgjöf í lestri, stafsetningu og málrækt. Í einum bekknum skiptust sérkennarinn og bekkjarkennarinn á að kenna til skiptis getumeiri og getuminni nemendum bekkjarins. Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lögð fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og maí.

Tveir nemendur í árganginum fengu nýbúakennslu til viðbótar við sérkennslu.

Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði. Sérkennari vann með nemendum „græna hópsins“ þar sem kennslan var aðlöguð persónulegum þörfum nemenda. Sama námsefni var í boði í gula og græna hópnum. Unnið var með valdar áherslur/efni úr *Geisla 3*. Einnig var stuðst við efni úr *Stærðfræði 6A* og *6B* og efni sem fengið var frá Garðaskóla. Kannanir og próf voru unnin úr kennsluefni hópsins.

Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Frávíkspjónusta í samræmdum prófum fékkst fyrir þá nemendur sem sótt var um fyrir.

Anna Eymundsdóttir, Áslaug Hartmannsdóttir, Erla Gíjja Garðarsdóttir.



Frá þemadögum

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Námsráðgjafi skólans er Elva Björk Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og kom hún til starfa við skólann sl. haust og er í fullu starfi. Í vetur var í boði eftirfarandi þjónusta hjá námsráðgjafa: einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, bekkjarráðgjöf/bekklarvinna, vinahópar, námstækninámskeið/ráðgjöf, sjálfstyrkinga-námskeið/ráðgjöf, heimanámsaðstoð, ráðgjöf og aðstoð við undirbúning prófa og vegna prófkvíða. Einnig var mikil samvinna við foreldra, kennara og annað starfsfólk skólans.

Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru ýmis konar svo sem: námsvandi, félagslegur vandi, tilfinningalegur vandi, bekkjarvandi, fjölskylduvandi, vinavandi og fleira.


Skipting nemenda eftir þjónustu

Einstaklingsráðgjöf (viðtöl c.a. 1 sinni í viku ýmist ½ vetur eða allan veturinn)	25 nemendur
Hópráðgjöf/vinahópar	38 nemendur
Bekkjarráðgjöf	10 bekkir
Námstækninámskeið	3 bekkir
Námstækniráðgjöf	10 nemendur
Sjálfsstyrkinganámskeið	34 nemendur
Heimanámsaðstoð	6 nemendur
Ráðgjöf/aðstoð við prófundirbúning eða prófkviða	10 nemendur fengu ráðgjöf 6 bekkingar fengu bækling og fyrirlestur


Fjöldi nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa

Fjöldi barna sem leituðu til námsráðgjafa í vetur voru 216 en það er 56% af nemendum skólans, þar af voru drengir 96 talsins eða 45% og stúlkur 120 talsins eða 55%. Hér eru þó ekki taldir með bekkjarfundir sem námsráðgjafi tók þátt í eða létt spjall við nemendur. Nemendur skiptast á eftirfarandi árganga:

1. bekkur 28 nemendur (58%)
2. bekkur – 4 nemendur (10%)
3. bekkur – 8 nemendur (18%)
4. bekkur – 17 nemendur (31%)
5. bekkur – 21 nemendur (36%)
6. bekkur – 69 nemendur (100%)
7. bekkur – 67 nemendur (100%)



Hér að neðan sést hlutfall þeirra nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa í hverjum árgangi. Ekki eru taldir með einstaka bekkjarfundir sem námsráðgjafi tók þátt í eða létt spjall. Aðeins er verið að telja upp meiri ráðgjöf eða aðstoð t.d. bekkur sem námsráðgjafi hittir í nokkur skipti, nemandi sem kemur oftari en einu sinni til námsráðgjafa eða viðtöl vegna tengslakönnunar. Ekki var unnt að telja upp alla þá nemendur sem kíkja einu sinni við þar sem nær flestir nemendur skólans hafa spjallað við námsráðgjafa. Í þessari skýrslu er því aðeins gerð grein fyrir frekari aðstoð námsráðgjafa.



Önnur verkefni námsráðgjafa

Námsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi alla mánudaga, fór á handleiðslufundi með námsráðgjöfum í Garðabæ fjórum sinnum yfir veturinn, sat á fundum með kennurum og foreldrum, einnig kennurum og nemendum. Námsráðgjafi útbjó skýrslu um þá nemendur sem voru reglulega í viðtölum eða fengu reglulega aðstoð. Mikil samvinna var við foreldra og voru fundir með foreldrum einstöku sinnum yfir veturinn, fengu foreldrar einnig símtal eða tölvupóst. Margir foreldrar komu einnig til viðtals við námsráðgjafa á foreldraviðtalsdögum.

Elva Björk Ágústsdóttir

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Starf kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni hefur umsjón með uppbyggingu og þróun í tölvu- og upplýsingatækni innan skólans. Hann vinnur með nemendum, starfsfólki og foreldrum. Hann á í samstarfi við tölvuumsjónarmann og kennsluráðgjafa í UT innan bæjarins. Upplýsingamiðlun er stór þáttur í starfi kennsluráðgjafa. Hann hefur umsjón með vef skólans og aðstoðar kennara við notkun á Mentor.is.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni við grunnskóla Garðabæjar funduðu reglulega í vetur. Rætt var m.a. um öryggismál, framkvæmd verkferla, vefi skólanna og hugbúnaður skoðaður. Einnig var rætt um sameiginleg kaup á hugbúnaði og fleira.

Aðstaða til kennslu

Haustið 2006 var gömlu tölvustofunni breytt og hún innréttuð sem tölvustofa fyrir heilan bekk. Innréttingar voru keyptar af ÁG húsgögnum. Gagnvirk tafla s.k. *Smartboard* tafla var sett upp í stofunni ásamt nýjum skjávarpa. Breytingin á stofunni þykja hafa tekist nokkuð vel og eru kennarar almennt sáttir við aðstöðuna. Á bókalofti var aðstaða til tölvunotkunar og kennslu bætt. Þar eru tölvur fyrir hálfan bekk þ.e. stofa með tólf

nemendatölvum og einni kennaratölvu sem tengd var við skjávarpa. Stefnt er að því að fjölga vélum á bókalofti þannig að þær verði 13-14.

Kennarar höfðu einnig aðgang að fartölvuvagni með 15 vélum. Reksturinn á vagninum gekk ágætlega. Vélritunarkennsla fór fram í Hofi 5 við skólann. Aðstaða þar er viðunandi. Borð úr tölvustofu voru færð þangað og fjárfest í nýjum stólum sem hægt er að hæðarstillja. Í vetur voru Ritþjálfarnir tengdir við kennaratölvu en nauðsynlegt er að ganga betur frá lögnum þannig að allur rekstur verði auðveldari.

Nám og kennsla

Í samstarfi við Steinunni Hall kennsluráðgjafa í Flataskóla var farið yfir allar kennsluáætlanir og þær uppfærðar fyrir skólaárið 2006-2007. Teknir eru fyrir mismunandi þættir í hverjum árgangi og þannig myndaður góður grunnur og samfella tryggð í tölvunámi nemenda. Kennarar eru einnig hvattir til að samþætta markmið upplýsingatækninnar og annarra námsgreina.

Hver bekkur fékk eina kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri. Kennarar báru ábyrgð á skipulagi kennslunnar og vali á viðfangsefnum. Þeir höfðu til hliðsjónar kennsluáætlanir frá kennsluráðgjafa. Auk þess fengu allir nemendur kennslu í tölvufærni í smærri hópum. Kennslan fór fram í lotum og var kennslufyrirkomulagið eftirfarandi:

1. og 2. bekkur	Ein kennslustund á viku í 14 vikur
3. bekkur	Tvær kennslustundir á viku í 16 vikur.
4. bekkur	Ein kennslustund á viku í 8 vikur.
5. bekkur	Tvær kennslustundir á viku í 6 vikur.
6. bekkur	Tvær kennslustundir á viku í 6 vikur.

7. bekkur

Nemendur í 7. bekk fengu annars vegar tvær samliggjandi stundir á viku, alls tíu vikur en hins vegar tvær kennslustundir á viku í sex vikur.

Kennslunni var tvískipt: Annars vegar kenndi María Ásmundsdóttir Shanko nemendum að nota töflureikninn *Excel*. Hins vegar kenndi Björg Jónsdóttir vélritun með *Ritfinni* og ritvinnslu. Auk þessa notuðu nemendur í 7. bekk fartölvuvagninn til að vinna verkefnið *Grjóthrúga í hafi* hjá Önnu Rós Bergsdóttur.

Skólaárið 2006-2007 var skólinn í áskrift að: *Skólavefnum og Stærðfræði- og tölvulæsisvefnum*. Áskrift að *Kötluvefnum* var ekki endurnýjuð.


Ritþjálfari – vélritun

Nemendur í 3.-7. bekk fengu kennslu í vélritun. Kennt var í heilum bekkjum að 3. og 7. bekk undanskildum en þar var kennt í smærri hópum í tengslum við list- og verkgreinaskipulag. Ritþjálfastofan var staðsett í Hofi 5. Nemendur í 7. bekk fóru ekki í Ritþjálfastofu. Þeir notuðu forritið *Ritfinn* á bókalofti.

Nemendur í 3. bekk fengu 1 tíma á viku í 12 vikur en í 4.-6. bekk fengu nemendur 1 tíma á viku allan veturinn. Nemendur eru með skráningarblöð þar sem þeir skrá sjálfir frammistöðu sína og taka próf í lok hvers áfanga. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám í vélritun þ.e. hver nemandi vinnur á sínum hraða og fær verkefni við hæfi. Við lok hvers áfanga taka nemendur könnun. Skráningarblöðin eru send heim að vori sem vitnisburður nemenda um frammistöðu.

Fartölvuvagn fyrir nemendur

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá fjölda þeirra kennslustunda þar sem fartölvuvagninn var í notkun síðastlíðin tvö skólaár.



Auk þess að nota fartölvuvagninn geta kennarar pantað lausar stundir í tölvuveri og á bókalofti. Þetta nota kennarar í auknum mæli. Nokkrar tölvur eru í eða við bekkjarstofur. Kennsluráðgjafi aðstoðaði kennara eftir óskum við að tengja og kenna nemendum að umgangast tölvurnar.

Samskipti heimila og skóla

Mikil áhersla er lögð á öflug og góð samskipti heimila og skólans. Ýmsar leiðir eru notaðar til samskipta s.s. fundir með nemendum og foreldrum, símhringingar, tölvupóstur, vefur skólans og Fjölskylduvefur *Mentor.is*. Í vetur fólust skyldur kennara í tengslum við *Mentor.is* í:

- Skráningu á ástundun (fjarvist, veikindi, leyfi, seint)
- Dagbókarskráningum
- Heimavinnuáætlun í hverri viku (birt á Fjölskylduvef)
- Tölvupóstsamskiptum (svara erindum og senda a.m.k. eitt bréf á viku til foreldra)
- Einkunnaskráningu

Á skólaárinu var fyrirkomulaginu varðandi skráningu á ástundun nemenda (veikindi, fjarvist, leyfi) breytt þannig að skólaritari yrði miðlægur punktur. Hann sér um að skrá í Mentor samkvæmt innhringingum foreldra.

Vefur skólans (<http://hofsstadaskoli.is>) gegnir mjög mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðluninni. Á vefnum er lögð áhersla á að birta allar helstu upplýsingar um skólastarfið ásamt fréttum og myndum úr daglegu starfi. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með vefnum. Skólastjórnendur og kennarar hafa tekið virkan þátt í upplýsingamiðluninni í vetur. Kennarar hafa tekið myndir og skrifað stuttar fréttir í tengslum við starf sitt með nemendum. Vefstjóri hefur sent tölvupóst á foreldra reglulega með áminningum um nýjar fréttir á vef. Auk þess hefur hann hvatt kennara til að senda tölvupóst þegar nýjar myndir birtast af bekkjarstarfinu.

Ráðstefnur, námskeið, kynningarfundir o.fl.

Kennsluráðgjafi sótti námskeið og ýmsar kynningar á skólaárinu:

- Námskeið í myndbandavinnslu hjá NTV
- Námskeið í vefsíðugerð með Dreamweaver hjá TV
- Kynning á vefumsjónarkerfi hjá TM Software
- Kynning á Survey Console. Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi grunnskóla í Hafnarfirði heimsótti okkur í Hofsstáðaskóla. Í framhaldi var kynning á bæjarskrifstofu Garðabæjar
- Ráðstefna um *Síðferði á Netinu*

- BETT ráðstefna í London
- Sýningin *Tækni og vit* í Fífunni í Kópavogi
- Fundur hjá Rafhönnun vegna úttektar á tölvumálum
- Kynning á myndakerfi frá Hans Petersen
- Fundir hjá starfshópi um rafræna stjórnsýslu
- Viðtalsfundur með fyrirtækinu Sjá vegna vals á vefumsjónarkerfi
- Kynningarfundur um þróunarverkefni vegna rafrænna kannana í skólum
- Kynningarfundur á framtíðarsýn hjá Mentor

Kennsluráðgjafi hélt stuttar kynningar fyrir kennaranema og aðra gesti sem sóttu skólann heim.

Framtíðarsýn

Innleiðing á nýju vefumsjónarkerfi verður eitt af meginverkefnum næsta skólaárs. Með tilkomu nýs vefumsjónarkerfis verður mögulegt að dreifa meira skrifum á vef skólans og veita fleirum aðgang að upplýsingamiðlun á einfaldan hátt s.s. foreldraráði, foreldrafélagi, Tómsundaheimili o.s.frv. Í framhaldinu vonum við að skólanum gefist tækifæri til að koma sér upp innri vef en það mundi bæta upplýsingaflæði enn frekar.

Í vetur var einnig nokkuð rætt um kerfi vegna umsýslu með stafrænar ljósmyndir. Sú umræða mun væntanlega halda áfram næsta skólaár.

Þetta skólaárið hefur verið ötullega unnið að því að bæta aðgengi nemenda og kennara að upplýsingatækninni. Fjárfest var í fyrstu gagnvirku kennslutöflunni og henni komið fyrir í nýuppgerðri tölvustofu auk þess voru keyptir nokkrir skjávarpar og þeim komið fyrir í kennslustofum. Framtíðarsýnin er sú að fjárfesta í fleiri gagnvirkum kennslutöflum með áföstum skjávarpa og koma þeim fyrir í kennslustofum. Þannig verði kennslustofurnar nútímavæddar smátt og smátt.

Nemendum var úthlutað eigin aðgangi að tölvukerfinu og hefur það tekið langa tíð úr vetrinum að slípa þau mál til. Nemendur hafa t.a.m. ekki haft aðgang að prenturum allt skólaárið. Það er óviðunandi. Slík mál þarf að leysa á mun skilvirkari hátt. Nemendum og kennurum tókst þó að fóta sig nokkuð vel í þessu „nýja umhverfi“ og verður haldið áfram með úrbætur næsta vetur.

Vala Dröfn deildarstjóri tölvudeildar kynnti kennurum drög að nýrri öryggisáætlun. Um hana spunnust nokkrar umræður. Nauðsynlegt er að leiða þær umræður til lykta og gera öryggisáætlunina gilda. Í framhaldi þarf að kynna hana öllum starfsmönnum.

Mikill áhugi er á að koma upp aðstöðu fyrir mynd- og hljóðvinnslu í skólanum. Fjárfest hefur verið í þremur tölvum ásamt hugbúnaði til myndbandavinnslu. Nokkur fjöldi nemenda í valhópum tók þátt í að búa til myndbönd undir stjórn tónmenntakennara og kennsluráðgjafa. Um er að ræða nemendur í 6. og 7. bekk. Auk þess unnu nokkrir kennarar styttri myndbönd og minningardiska með aðstoð kennsluráðgjafa. Á næsta skólaári stendur hugur okkar til að halda þessari vinnu áfram og sækja fram. Því þurfum við aðstöðu þar sem mögulegt er að koma 12-15 nemendum fyrir við fjórar til fimm tölvur, nettenging þarf að vera til staðar og þökkaleg hljóðeinangrun.

Enn hefur ekki verið unnið að nýrri stefnumörkun varðandi upplýsingatæknina. Skýrslan sem kom út árið 2000 rann út í ársbyrjun 2003. Það er orðið nokkuð aðkallandi að koma á blað sameignlegri sýn og stefnu þannig að hægt sé að styðjast við hana í starfi.

Hvað varðar kennsluna og innra starf skólans er mikilvægt að halda námskeið fyrir kennara, ritara og skólastjómendur og veita áframhaldandi stuðning. Vinna þarf markvisst að því að kennarar geri ráð fyrir upplýsingatækni í kennsluáætlunum.

Elisabet Benónýsdóttir



Geimskutlugerð á

þemadögum

Skýrsla kerfisstjóra Hofsstaðaskóla

Starf kerfisstjóra felst í því að setja upp tölvubúnað skólans og halda honum gangandi, að setja upp ný forrit á vélar þegar þau eru keypt og halda utan um aðgangsstýringar notenda. Þá hefur kerfisstjóri aðstoðað kennara og nemendur við notkun á tækjum í sal sem og á skjávörpum, ljósmynda- og kvikmyndavélum. Þá fer alltaf einhver tími í endurmenntun í einni eða annarri mynd, m.a. með því að fara á námskeið og kynningar, lesa um þau tæki og töl sem verið er að nota og átta sig á því hvernig ný forrit virka o.s.frv.

Í dag er kerfisstjóri Hofsstaðaskóla í fullu starfi. Miðað við þau mál sem upp hafa komið, bæði í vetur sem og síðasta vetur, þá hefur ekki veitt af. Þannig hefur starfið að stórum hluta einkennst af því sem kalla mætti "að slökkva elda". Þá er átt við tíð og óvænt vandamál sem í raun ættu að vera óþörf að mestu. Þannig hættu t.d. netspilarar í nemendavélum einn daginn að virka, en þessir spilarar (m.a. Java og Flash) eru nauðsynlegir til að keyra forrit af veraldarvefnum, t.d. hjá Námsgagnastofnun. Eftir margra daga töf, kom í ljós að keyrð hafði verið óumbeðin stýriskerfisuppfærsla, sem hafði þessar afleiðingar. Þá hafa notendur tapað aðgangi að gögnum sem þeir voru jafnvel að vinna í deginum áður. Það hefur stundum tekið talsverðan tíma að finn út í hverju það liggur. Fleiri vandamál í þessum dúr hafa verið algeng.

Síðla vetrar og í vor fór fram allsherjar úttekt á tölvu- og kerfismálum Garðabæjar. Þessa úttekt annaðist ráðgjafafyrirtækið *Admon*. Á næstu vikum má vænta niðurstaðna úr þessari úttekt. Á þessari stundu er ekki hægt að segja til um hvort og þá hvaða breytingar verði gerðar á starfi kerfisstjóra skólans. Þangað til að aðrar tillögur koma fram, verður að líta svo á að starf kerfisstjóra verði í sömu mynd og áður.

Námskeið og kynningar:

Á miðjum síðasta vetri setti *Microsoft* á markað nýtt stýrikerfi sem nefnt er *Vista* og nýja útgáfu af *Office* pakkanum; *Office 2007*. Haldnar voru nokkrar kynningar á þessum forritum, m.a. hjá *TM-software*, *Nýherja*, *EJS*, *Microsoft* á Íslandi og víðar. Þá fór kerfisstjóri ásamt kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni og þremur kennurum skólans á *BETT* námsgagna sýninguna sem haldin var í London í janúar.

Í vetur var tekið í notkun hjá Garðabæ, stórt og mikið stjórnunarforrit fyrir kerfisstjóra bæjarins, heitir það *LanDesk (LD)*. Í tengslum við það voru haldin nokkur "mini" námskeið fyrir kerfisstjórana, auk þess sem þeir fengu nokkrar bækur um *LD* sem þeir hafa verið að lesa (m.a. eina sem er tæpar 800 bls!). Í *LD* búa möguleikar sem kerfisstjórar hafa ekki enn náð fullum tökum á og munu þeir því halda áfram næsta vetur að læra á *LD*. Verður það með svipuðum hætti og hingað til, þ.e. með "mini" námskeiðum og lestri. *LD* auðveldar kerfisstjórunum til muna alla uppsetningu á tölvum sem og dreifingu forrita. Þá gefur það möguleika á að kalla eftir upplýsingum um notkun einstakra forrita, sem kemur til með að auðvelda allt

skipulag varðandi kennsluforrit, þar sem hægt er að sjá hvaða forrit er verið að nota og hver ekki. Þá er hægt að fylgjast með nýjum forritum sem sett eru upp á vélar í kerfinu. Það var t.d. með LD sem hægt var að finna út hvað það var sem olli því að netspilarar nemendavélanna hættu að virka og það var líka með tóli frá LD sem tókst að laga það vandamál.

Salur Hofsstáðaskóla

Í vetur fór kerfisstjóri ásamt kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í þrjá skóla til að átta sig á hvað bæri að leggja áherslu á við endurnýjun á sal Hofsstáðaskóla. Eftir þessar heimsóknir var skilað inn stuttri greinargerð til skólastjóra og umsjónarmann fasteigna Garðabæjar. Var vel tekið í þær hugmyndir sem þar komu fram. Arkitekt skólans hefur fengið þessar tillögur í sínar hendur og hefur verið að leita að lausnum sem bæði falla að hönnun hússins og uppfylla einnig óskir skólans varðandi framtíð salarins. Ekki er komin tímasetning á hvenær framkvæmdum verður lokið við salinn en nú í vor var byrjað á fyrsta áfanga. Í þeim áfanga verður dúkur salarins endurnýjaður, ljósin í salnum tekin í gegn og lagðar allar lagnir sem þarf vegna þeirra tækja sem fyrirhugað er að setja í salinn. Það sem fyrirhugað er að gera er m.a. að endurnýja tjöld sviðsins, koma upp sviðskösturum, setja upp öflugan skjávarpa og gott sýningatjald og myrkvunartjöldum á alla glugga salarins. Þá verða smíðaðar svalir gegnt sviðinu þar sem komið verður fyrir öllum þeim stjórnbúnaði sem á þarf að halda vegna atburða sem fram eiga að fara í salnum. Eftir þessar breytingar verður hægt með lítilli fyrirhöfn að hafa bíósýningar í salnum, halda þar dansleiki og setja upp leiksýningar, svo fátt eitt sé nefnt.

Tölvumál starfsmanna

Nú í sumar verða fartölvur kennara skólans endurnýjaðar. Náðst hefur samkomulag við Nýherja um nýjar vélar. Ættu allir kennarar skólans að fá nýju vélar í hendurnar þegar þeir mæta til starfa á ný í haust, að þeim undanskyldum sem eru með árgamla vélar.

Síðastliðinn vetur var haldið áfram að skipta út bleksprautuprenturum skólans fyrir laserprentara. Eru nú samtals til 13 einmennings laserprentarar í skólanum. Nýir prentarar voru m.a. settir út í Hofin og íþróttahúsið. Þá eru núna komnir nettengdir prentarar í báðar álmur á neðri hæð skólans. Í austurálmunni, þar sem verkmenntastofurnar eru, var settur upp nettengdur prentari ásamt tölvu fyrir skólaliðana. Skólaliðarnir fengu örstutta kennslu um tölvur og netpóst en nauðsynlegt væri að bjóða þeim upp á lengri og ítarlegri kennslu svo þeir geti nýtt sér tölvuna í starfi, m.a. með því að fylgjast með skilaboðum og tilkynningum.

Tölvumál nemenda

Síðastliðið haust var gerð gagnger breyting á aðgengismálum nemenda. Fram að þeim tíma höfðu allir nemendur skólans verið með eitt og sama notendanafnið. Frá og með síðasta hausti hefur hver nemandi skólans sitt eigið notendanafn. Með eigin notendanafni hefur einnig fylgt netpóstfang og sérstakt heimasvæði fyrir hvern nemanda. Þá var sameign nemenda breytt á þann veg að hver árgangur hefur sér sameign og hafa nemendur ekki aðgang að öðrum sameignum en þeim sem fylgir þeirra árgangi. Við þessa breytingu var tekin upp fastmótuð aðferð við að gefa nemendum notendanafn: fyrsti hluti notendanafnsins er (fyrsta) nafn nemandans, annar hlutinn er síðasta talan í fæðingarári hans og loks er tveggja stafa teljari til að tryggja að nemendur með sama nafn fái ekki sama notendanafn. Til að útskýra þetta nánar þá fengu tveir nemendur, sem báðir heita Jón að fyrsta nafni og báðir fæddir 1998, þessi notendanafn: jon801 og jon802, þar sem 8 er síðasta talan í 1998. 01 og 02 er teljari. Þriðji Jóninn í þessum árgangi fengi 03 í enda notendanafnsins; jon803. Eftir talsverða byrjunarferðleika, sem náðu fram í miðjan nóvember, þá gekk þessi breyting vel fyrir sig og nemendur almennt fljótir að aðlagast.

Eins fram kom hér að framan þá var sameign nemenda einnig breytt. Í stað þess að kenna sameign nemenda við bekk er sameignin kennd við fæðingarár bekkjarins. Er stuðst við latínu í því sambandi auk tveggja síðustu talnanna í fæðingarári nemendanna. Heitir sameign Jónanna hér að framan t.d. ANNO98. Með þessu móti þarf ekki að byrja hvert skólaár á því að endurskera allar möppur nemendanna og raða upp á nýtt eins og þurfti meðan stuðst var við bekkjarheiti nemendanna. Til viðbótar þessu þá var búið til sérstakt vinnusvæði fyrir nemendur sem væru að vinna í stærri verkefnum eins og mynd og hljóði og einnig ef nemendur úr mismunandi árgöngum væru að vinna að sama verkefninu. Þetta vinnusvæði var frekar lítið

notað í vetur, hugsanlega er ekki brýn þörf fyrir það. Fjórða og síðasta nemendasvæðið er svo hugsað fyrir myndir svo nemendur gætu skoðað myndir frá atburðum sem fram færu í skólanum. Þetta svæði var sama og ekkert notað og verður líklega óþarft með tilkomu nýs vefumsjónarkerfis sem Garðabær er að festa kaup á, en í því er gert ráð fyrir innri vef fyrir nemendur og starfsmenn.

Um mitt sumar 2006 var hafist handa við endurnýjun tölvustofunnar. Breytingarnar voru hannaðar af kerfisstjóri og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í samvinnu við Halldór hjá ÁG húsgögnum. Fyrir endurnýjun voru 15 tölvur fyrir nemendur en eftir breytingu eru þær orðnar 26. Gömlu borðunum komið fyrir í ritþjálfaverinu og ný og sérhönnuð fengin í staðinn. Er lögun borðanna og uppsetning þeirra með þeim hætti að yfirsýn kennara yfir stofuna er mjög góð sem auðveldar þeim að fylgjast með hvað nemendur eru að gera. Allar tölvurnar voru endurnýjaðar og með þeim fengnir flatir LCD skjáir. Myndvarpinn var einnig endurnýjaður og sett upp gagnvirk *SmartBoard* tafla. Eftir breytinguna er núna hægt að vera með heila bekkni í tölvukennslu í stað þess að þurfa að tvískipta þeim. Þá getur kennari hvort sem er verið fyrir framan bekkinn eða aftan, þar sem hægt er að stýra kennaratölvunni frá hvorum staðnum sem er. Að frátöldum tölum við að koma tölvustofunni í gagnið í vetrarbyrjun þá verður að telja að þessa breytingu til mikilla bóta.

Prentaramál nemenda voru í ólestri í allan vetur. Nemendur eiga að hafa aðgang að þremur prenturum; einn fylgir tölvuvagni, einn er á bókaloftinu og sá þriðji er í tölvustofunni. Nemendur eiga að geta prentað á þann prentara sem er næstur þeim. Þetta átti að vera komið í gagnið með breytingunum á aðgangsmálum nemenda strax síðastliðið haust. Það gekk ekki eftir og þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir þar að lútandi hefur *Þekking* ekki lagað þessi mál ennþá.

Skólinn hefur haft til afnota í tölvustofunni, finnskt „skólastofuforrit“ sem er kallað *ReNet*. Með því er hægt að dreifa verkefnum og prófum til nemenda, takmarka notkun nemenda við ákveðin forrit og heimasíður, yfirtaka skjái nemenda o.fl. Það gekk seint og illa að dreifa forritinu. Þegar það var loks komið upp á vélarnar þá komu fram aðgangstakmarkanir á netmöppum sem nauðsynlegar eru ef nota á *ReNet* til að dreifa verkefnum. Ekki var búið að finna út í hverju þessar takmarkanir liggja við lok skólans en vonandi verður búið að leysa málið fyrir næsta vetur.

Til hefur staðið frá því að kerfisstjóri byrjaði við skólann að koma upp netsiu til að hefta aðgang að óæskilegum vefsíðum eins og t.d. klámsíðum. Slík sía er ekki enn til staðar og hefur því hver sem er getað vafrað um hvaða síðu sem er á netinu án nokkurra takmarkanna. Reglulega koma upp mál þar sem nemendur eru staðnir að því að fara inn á grófar klámsíður. Hafa þeir stundum skilið eftir sig myndir á skjáborði til að hrella næsta mann. Þó hefur minna borð á þessu eftir að hver nemandi fékk sitt eigið notendanafn, þar sem skjáborðið fylgir notanda en ekki tölvunni. Nú er sagt að loks sjái fyrir endann á þessu og í haust verði sett upp klámsía á netið.

Miðlæg kaup á hugbúnaði

Meðal markmiða hjá Völu Dröfn, nýjum yfirmanni tölvumála hjá Garðabæ, er að hugbúnaðarkaup verði miðlæg eftir því sem kostur er. Þessi mál eru ekki komin í fastan farveg þannig að enn er hverjum skóla í sjálfsvald sett hvort og þá hve miklum fjármunum er varið til hugbúnaðarkaupa. Þá hefur ekki enn verið fastmótað með hvaða hætti á að dreifa þeim forritum sem keypt eru með þessum hætti. Komu upp í vetur mál þar sem diskar „hurfu“ um óákveðinn tíma þannig að ekki var hægt að dreifa nýjum forritum fyrr en seint og um síðir.

Næsti vetur

Eins og fram hefur komið þá verða fartölvur kennara endurnýjaðar nú í haust. Einnig fær skólinn 30 nýjar borðvélar. Verður því hægt að setja upp tölvur í allar bekkjarstofur skólans, m.a.s. tvær í sumar þeirra. Vegna fjölgunar nemenda með sérþarfir hefur þrýstingur á að fá tölvur í hverja stofu aukist og verður nú loks mögulegt að verða við þeim óskum. Á næstunni mun kerfisstjóri hafa samband við Halldór hjá ÁG, með það að markmiði að fá hann til að hanna ný tölvuborð sem byggja á sömu grunnhugmynd og borðin í tölvustofunni.

Sótt hefur verið um að fá tvær fartölvur til viðbótar vegna fjölgunar í hópi sérkennara og deildarstjóra. Mun skólinn því samtals verða með um 150 borð og fartölvur næsta vetur. Lætur nærri að það sé um 50% aukning frá því að kerfisstjóri hóf störf við skólann.

Komið er að endurnýjun á ljósritunarvélum skólans. Önnur *Konica* vélin er orðin 5 ára og hin 4 ára. Komið er tilboð frá Pennanum í nýjar *Kyocera* vélar, en nánast allir laserprentarar skólans eru frá *Kyocera* og hafa reynst ákaflega vel. Með í tilboði Pennans fylgir frír litalaserprentari.

Unnið er að því að setja upp sameiginlega aðgangsstýringu fyrir Garðabæ að þráðlausu neti. Verður öllum skólum bæjarins tryggður aðgangur að þessu kerfi. Með því verður mögulegt fyrir þá starfsmenn Garðabæjar sem eru með fartölvur að logga sig inn og fá aðgang að sínum gögnum og sameignum, hvar sem þráðlausir punktar á vegum bæjarins eru. Kerfisstjóri hefur komið með tillögu um að settir verði upp fjórir til fimm punktar í Hofsstaðaskóla sem ná myndu yfir kaffistofu starfsmanna og skrifstofur, vinnuherbergi kennara, salinn og tónmenntastofuna. Nú þegar er kominn punktur sem þjónar Hofunum og er reynslan af honum mjög góð. Skólinn mun þurfa að bera kostnað af uppsetningu aðgangspunktanna sjálfra en í síðustu fjárhagsáætlun var óskað eftir fjármagni til þess. Staðan í því máli er ekki ljós þegar þetta er ritað.

Hans Gústafsson,



Reykjavíkurfærð 4. bekkinga

6. TÓMSTUNDAHEIMILI

Starfsemi Tómsundaheimilis Hofsstaðaskóla er til húsa á efri hæðinni í Mýrinni og íþróttasalnum, en einnig eru kennslustofur í skólanum notaðar, s.s. tölvustofa, myndmenntastofa, bókasafn og salur.

Ágústa Kjartansdóttir er umsjónarmaður tómsundaheimilisins í 75% starfi. Jelena Jovanovic, Dagný Helgadóttir og Arnar Már Þórisson voru í föstu starfi í tómsundaheimilinu. Ólafur Pétursson, Hrönn Kjærnested og Sólrún Guðbjörnsdóttir kennarar störfuðu einnig við tómsundaheimilið ásamt Sigurveigu Björnsdóttur stuðningsfulltrúa.

Rúmlega 80 börn voru skráð í tómsundaheimilið þá daga sem fjölmennast var.

Starfið í tómsundaheimilinu er mjög fjölbreytt. Kennari/starfsmaður fer reglulega með börnin í íþróttasalinn, í tölvustofu, myndmenntastofu, handmenntastofu og bókasafn á meðan önnur sinna heimanámi.

Nokkur börn eru í forskóla Tónlistarskólans síðdegis og önnur í sundi á vegum Stjórnunnar. Að öðru leyti er starfið frjálst, notalegt og heimilislegt og börnin í frjálsum leik inni eða úti.

Aðstoð við heimanám

15 börn nutu aðstoðar við heimanám sem var í boði í skólanum frá kl. 14:15-15:30 á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum en aðstoð veittu: Bryndís Svavarsdóttir, Agnes Kragh og Sigurveig Björnsdóttir.

Margrét Harðardóttir
skólastjóri



Lundapysja í heimsókn